

Barnsmóðir Fjallsins stígur fram

„Ég trúði því í alvöru að þetta hefði í raun bara verið ég. En það er ekki þannig,“ segir **Thelma Björk Steimann**, barnsmóðir Hafþórs Júlíusar Björnssonar. ➔ 20

MYND/HELGI ÓMARS



Mistök eru mikilvæg
Árangur næst ekki öðruvísi. ➔ 26



Á kafi í skattaklúðri
Ronaldo mætir fyrir dómstóla. ➔ 32



Mælir með hlaupum í náttúrunni
Elisabet gefur byrjendum ráð. ➔ 18

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



Sissel

ELDBORG HÖRPU
20. DESEMBER KL. 18 OG 20.30

HARPA.IS/SISSEL




ÞÚ FERÐ LENGRA MED
SAGAPRO

Vinsæl vara við tíðum þvaglátum



SAGA MEDICA

Veður



Norðaustan 8-18, hvassast á annesjum austast. Rigning norðaustan- og austanlands, dálítil væta á norðvesturlandi en annars þurrt. Heldur hægari og úrkomuminna um kvöldið. **SJÁ SIÐU 40**



Garðvinna. NORDICPHOTOS/GETTY

Íbúar fá lánaðar skóflur og hrífur

BORGARBYGGÐ „Með þessu er verið að koma til móts við þá íbúa sem vilja leggja sitt af mörkum til að snyrta og fegra sitt nánasta umhverfi en eiga ekki öll tól og tæki sem til þarf,“ segir í frétt á vef Borgarbyggðar um áttak þar í sumar.

„Ákveðið hefur verið að fara í tilraunaverkefni með íbúum sem felst í að lána íbúum garðhöld, til dæmis skóflur, garð- og heyrhrífur, pilljárn og heyrhrífur,“ segir í fréttinni. – gar

Sendir burt eftir kynferðisbrot

VESTUR-KONGÓ Yfirvöld í Vestur-Kongó kalla um 600 friðargæsluliða heim frá Mið-Afríkulýðveldinu vegna gruns um kynferðisofbeldi af þeirra hálfu. Frá þessu greindu Sameinuðu þjóðirnar en friðargæsluliðarnir voru á þeirra vegum.

SÞ segir rannsókn á sveitum Vestur-Kongó hafa leitt í ljós alvarleg vandamál. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem upp kemst um kynferðisbrot friðargæslusveita SÞ í Mið-Afríkulýðveldinu. Alls taka 13.000 manns þátt í verkefninu.

Friðargæslusveitir voru sendar til ríkisins árið 2014 þegar uppreisnarmenn, einkum múslimar, steypu forsetanum Francois Bozize af stóli. Hundruð þúsunda hafa flúið land vegna átakanna. – þea

Á kafi á æfingum



Þessi myndarlegi kabátur stóð sína plikt í Hvalfirði á kabátæfirlitsæfingu Atlantshafsbandalagsins við Íslandsstrendur í gær. Æfingar hófust í gær og standa þær yfir til 6. júlí næstkomandi. Kabáturinn er frá Noregi en annar er á leið til landsins frá Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Telur Mueller ekki hlutlausan

BANDARÍKIN Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, lýsti í gær efasemdum sínum um hlutleysi Roberts Mueller sem rannsakar meint afskipti Rússa af forsetakosningum vestra og möguleg tengsl þeirra við framboð Trumps.

Í viðtali við Fox News sagði Trump vináttu Muellers við James Comey, sem Trump rak úr embætti yfirmanns FBI, vera trúflandi. Biða þyrfti og sjá hvort hann færi fram á að Mueller myndi stíga til hliðar. Hann sagði þó að Mueller væri heiðarlegur og góður maður.

Mueller var skipaður sérstakur ráðgjafi dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna við rannsóknina í kjölfar brottreksturs Comeys.

Fjölmiðlar segja að Mueller rannsaki hvort Trump hafi hindrað framgang réttvísinnar en sjálfur hefur Mueller ekki tjáð sig um það. – þea

Réttindalaus á hjólabát bakkaði yfir ferðakonu

Skipstjóri hjólabáts sem bakkaði yfir konu og varð henni að bana við Jökulsárlón árið 2015 hafði ekki réttindi til að stjórna bátnum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir að ríkið þurfi að afmarka umferð við lónið til að tryggja öryggi.

SLYS Afmarka þarf betur umferð gangandi vegfarenda, ökutækja, hjólabáta og þyrta við Jökulsárlón til að tryggja öryggi. Þessum tilmælum beinir Rannsóknarnefnd samgönguslysa til eigenda jarðarinnar Fells og rekstraráðila, það er íslenska ríkisins og Vatnajökulsþjóðgarðs, í skýrslu um slys er varð á jörðinni árið 2015.

Slysið varð á malarplani þar sem ökumaður hjólabáts var að bakka. Þá stóðu þrjú ferðamenn aftan við bátinn og fylgdust með þyrta sem var að lenda til að sækja þá. Skipstjóri bátsins bakkaði á fólk og kanadísk kona varð undir afturhjóli bátsins og lést samstundis.

Lögregla rannsakandi málið en ekki fengust upplýsingar í gær um hvort þeirri rannsókn væri lokið.

Bakkmyndavél bátsins Jaka var biluð og enginn baksýnispegill var stjórnbörðsmegin. „Hafði skipstjórinn ekki litið sjálfur yfir svæðið fyrir aftan bátinn áður en hann bakkaði,“ segir í skýrslunni. „Treysti skipstjórinn alfarið á þann sem gaf merki um að í lagi væri að bakka farartækinu.“

Skipstjórinn hafði ekki réttindi til að stýra bátnum. Hann hafi verið með réttindi til að stjórna skipum styttri en tólf metrar að lengd, áður nefnd þrjátíu brúttótonn, en samkvæmt haffærisskírteini Jaka þarf skipstjóri að hafa gild réttindi til að stýra farþegaskipum undir 65 brúttótonnum.

Skipstjórinn hafi sömuleiðis ekki haft réttindi til að flytja fleiri en tólf farþega en í umræddri ferð voru farþegarnir 24. Þar sem báturinn er einnig ekið á landi er óljóst hvort réttindi þurfi til farþegaflutninga á landi en



Útsýnið aftan úr hjólabátum á planinu þar sem slysið varð. MYND/RNSA

Treysti skipstjórinn alfarið á þann sem gaf merki um að í lagi væri að bakka farartækinu.

Úr skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa

slik réttindi hafði skipstjórinn ekki. „Samkvæmt skipstjóranum uppfyllti hann þær kröfur um réttindi sem eigandi Jaka gerði við ráðningu hans,“ segir í skýrslunni.

Ekki náðist í Einar Björn Einarsson, eiganda ferðaþjónustufyrirtækisins Jökulsárlóns sem gerir út hjólabátinn, við vinnslu fréttarinnar.

Rannsóknarnefndin setur fram fimm tillögur í öryggisátt í skýrslunni. Auk fyrrnefndrar tillögu um afmörkun umferðar segir að nauðsynlegt sé að öryggisbúnaði báta verði haldið í fullkomnu lagi og að

til sé varabúnaður. Heppilegast væri að aldrei þyrfti að bakka bátunum sökum slæms útsýnis frá þeim á landi. „Nefndin bendir sérstaklega á það í ljósi þessa slyss að reglur verði settar um öryggisbúnað slíkra farartækja,“ segir í skýrslunni.

Kröfur um réttindi til að stýra hjólabátum eru óljósar og telur rannsóknarnefndin ófullnægjandi að miða kröfur eingöngu við haffæri þar sem bátunum sé einnig ekið með og án farþega á landi. Samgöngustofa þurfi að skoða sérstaklega skráningu, kröfur og réttindi til að aka og sigla slíkum bátum.

Samgöngustofu er einnig ráðlagt að setja verklagsreglur um lendingarstaði fyrir þyrta í atvinnuskyni og einkaflugi.

Því er beint til rekstraráðila að skipstjórar sem stýri hjólabátum hafi tilskilin réttindi.

thorgnyr@frettabladid.is

8. júlí í 7 nætur

Frá kr. 56.420

Frá kr. 70.445

2 FYRIR

á flugsæti m/gistingu

FLUGSÆTI ÁÐUR KR. 79.900 NÚ KR. 39.950

TENERIFE

Los Alisos Apartments

Netverð á mann frá kr. 56.420 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svitu. Netverð á mann frá kr. 70.445 m.v. 2 fullorðna í svitu.

Heimsferðir



HELGARTILBOÐ



Sprengiverð um helgina

Weber Spirit E210
Takmarkað magn!

69.900 kr
~~83.990 kr~~

BLACK & DECKER

30% afsláttur

af ÖLLUM rafmagnsverkfærum frá Black&Decker



JOTUN

Treolje
Träolja/Træolie

Med kinesisk träolja

Ute/Ude

Specialolja för impregnerat treverk/træværk
Specialolja för impregnerat trä

Oljebasert
Oljebaserad
Oliebaseret

Motvirker gråning og oppsprekking/revnedannelse
Motverkar gråning och sprickbildning

Mest selda pallaolían í Húsasmíðjunni
Pallaolía Jotun Treolje 3 ltr

1.695 kr
~~2.385 kr~~

Pallaolía á gagnvarið efni.
Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27

Tilboð á Sýpris



990 kr
~~1.990 kr~~

Tilboð á Margarítu



990 kr
~~1.790 kr~~

Tilboð á Stjúpum 10 stk



990 kr
~~1.790 kr~~

Útskriftarblómin



SÚPER TILBOÐ
Rósir 10 stk búnt
1.990 kr
~~3.490 kr~~

Sláttuvélar
20-30% afsláttur



Grillaukahlutir
25% afsláttur

Frá Broil King og Grillpro



Garðhúsgögn
25% afsláttur



Ferðavörur
20% afsláttur



TÖLUR VIKUNNAR 18.06.2017 - 24.06.2017

118 milljörðum

króna nam aflaverðmæti íslenskra skipa frá apríl 2016 til mars 2017. Það er 17,5 prósent samdráttur miðað við sama tímabil ári fyrir.



5.858

heimili fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í fyrra. 31,8 prósent viðtakenda voru atvinnulaus og af þeim fimm af hverjum sex án bótaréttar, alls 1.498 einstaklingar.



65,6 milljónir

manna voru flóttamenn, hælisleitendur eða kvótaflóttamenn víðsvegar um heiminn í fyrra.



aukning varð á sendingum frá erlendum netverslunum á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra.



23

eignir tók íbúðalánasjóður til sín á uppboði á fyrstu fimm mánuðum ársins. Árið 2010 eignaðist íbúðalánasjóður 832 eignir á uppboði.

Þrír í fréttum Reiðufé, fornleifar og byssur

Benedikt Jóhannesson

fjármála- og efnahagsráðherra

skrifaði í pistli að miðað við fyrstu viðbrögð væri samfélagið ekki tilbúið í svo röt-tæka hugmynd að taka úr umferð 10 þúsund króna seðil. Tillagan væri sem betur fer ekkert grundvallaratriði. Starfs-hópur, sem var falið að greina umfang og áhrif skattundanskota og skattsvika á íslenskan þjóðar-búskap, lagði til takmörkun reiðufjár til að minnka svarta hagkerfið.



Andrés Jónsson

þingmaður Vinstri grænna

sagði að Alþingi hlyti að geta fundið þær 300 milljónir sem þarf til að kortleggja kuml og minjar sem eru ómetanlegar. Um sé að ræða menningarverðmæti sem séu í hættu ef ekkert er gert. Hann benti á að aldrei væri farið í fornleifauppgröft nema til stæði að fara í framkvæmdir á viðkomandi stað.



Örnólfur Thorsson

forsetaritari

sagðist hafa látið af hendi tvær hálfjálfríkar skammbyssur sem sendiþóði krónprinsins af Abú Dabí færði Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, að gjöf árið 2011. Byssurnar voru í skjalatösku sem innsiglið var sem diplómatapóstur. Fyrirverandi staðarhaldari á Bessastöðum fékk byssurnar upp í vangoldin laun.



Erfiðlega gengur að koma í veg fyrir að ferðamenn geri þarfir sínar á Þingvöllum. Þjóðgarðsvörður segir þó salernisaðstöðuna vera í góðu lagi, ábyrgðin sé hjá ferðamönnum. Vandinn sé víðar en á Þingvöllum.

UMHVERFISMÁL „Ég hef enga skýringu á þessu en þetta er mjög óskemmtilegt,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Fyrir tveimur árum birtust í Fréttablaðinu frásagnir af því að ferðamenn á Þingvöllum gengju örna sinna þar, jafnvel við grafreiti Einars Benediktssonar og Jónasar Hallgrímssonar.

Ólafur Örn segir vandann enn vera til staðar. Það er að segja að enn séu menn að hægja sér í náttúrunni þótt ekkert skorti á salernisaðstöðuna.

„Það eru núna 75 salerni í þjóðgarðinum og hvar sem maður er eru ekki nema örfáar mínútur að næsta salerni,“ segir hann. „Þrátt fyrir það leyfir fólk sér að gera þetta. Við sjáum fólk, jafnvel finar dómur, kippa niður um sig og pissa á bakvið salernishús. Það er engin leið að ráða við þetta. Þetta er ekki mikið en þetta kemur alltaf fyrir,“ bætir hann við.

Ólafur segir ábyrgðina liggja hjá ferðamönnum sjálfum. Það sé ekki nokkur leið að koma í veg fyrir að þeir sem ætli sér að ganga um af sóðaskap geri það.

„Hvenær dettur þér í hug í útlöndum að gera eitthvað svona? Þú myndir aldrei gera það,“ segir hann. Ólafur segir vandann ekki einskordast við Þingvelli því að hið sama sé uppi á teningnum á leiðinni milli Selfoss og Hellu og víðar.



Fréttablaðið sagði frá því árið 2015 að gestir á Þingvöllum hægðu sér við þjóðargrafreitinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Maður migur á Þingvöllum á góðvísirdegi. Þjóðgarðsvörður segir þó ekki skorta á salernisaðstöðu. Ábyrgðin sé ferðamanna sjálfrá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvenær dettur þér í hug í útlöndum að gera eitthvað svona? Þú myndir aldrei gera það.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



Ólafur segir þjóðgarðinn ekki hafa leitað samstarfs við ferðapjónustuaðila um einhvers konar árvekniátak vegna þessa.

„Við höfum ekki gert það. Það er náttúrulega mjög hallærislegt að þurfa að vera að tala um þetta, en þetta er mjög óskemmtilegt,“ segir Ólafur.

Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður gagnrýndi salernisaðstöðuna á Þingvöllum harðlega í samtali við Fréttablaðið fyrir tveimur árum. Hann segir ástand salernismála þar hafa snarbatnað og aðstaðan sé orðin mjög viðunandi.

„Það er ekkert vandamál að fara á salernið á Þingvöllum lengur. En

ef þig langar í safaríka salernissögu getur þú farið að Seljalandsfossi. Þar er hreinlega salernið að hrynja vegna salernisleysis,“ segir Helgi Jón. Þar séu þrjú salerni og fossinn einn af fimm mest sóttu stöðum á landinu. „Það er ekki einu sinni brugðist við bráðavanda,“ segir hann. jonhakon@frettabladid.is

Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.



XPRENT
Hönnun & Merkingar

PRENTUN HÖNNUN MERKINGAR xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is

Sextíu milljónum úthlutað afturvirk

KJARAMÁL Kjararáð ákvarðaði um miðjan mánuðinn kjör átta embættismanna auk sendiherra. Laun allra hækka nokkuð og í öllum tilvikum afturvirk. Úrskurðirnir voru birtir í gær.

Meðal þeirra sem fengu hækkun var Örnólfur Thorsson forsetaritari. Föst mánaðarlaun hans hækka um rúmlega 200 þúsund krónur og verða rúmlega 1,3 milljónir. Þá hefur verið tekið tillit til fastrar yfirvinnu. Hækkunin er afturvirk til 1. október í fyrra.

Helgi I. Jónsson, varaforseti Hæstaréttar, hækkar um einn launaflokk og verður nú einum flokki lægri en forseti réttarins. Hins vegar er hann flokki hærri en aðrir dóm- arar við réttinn. Laun hans verða 1,9 milljónir eftir hækkunina. Líkt og hjá forsetaritari er hækkunin afturvirk til 1. október í fyrra. Hækkunin er til komin vegna brefs varaforsetans til kjararáðs þar sem hann

óskar eftir hækkuninni. Varaforseti sé staðgengill forseta og rétt sé að það endurspeglar í kjörum hans.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins og framkvæmdastjóri Friðhafnarinnar fá hækkun sem er afturvirk til átján mánaða. Laun forstjóra FME voru ákveðin tæpar 1,2 milljónir en ofan á það smyrst um 620 þúsunda föst yfirvinnu.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME



» Samantekt Fréttablaðsins á ákvörðunum ráðsins sýnir að afturvirka hækkunin nemur að minnsta kosti sextíu milljónum króna.

Framkvæmdastjóri Friðhafnarinnar hækkar um 100 þúsund krónur.

Sendiherrar hækka í launum afturvirk til eins árs og verða laun þeirra eftir hækkun 1,2 milljónir hið minnsta. Hækkunin er mismikil eftir mannaforráðum sendiherra. Þá verður ríkisendurskoðandi með 1,7 milljónir, afturvirk til þrettán mánaða, hagstofustjóri fær tæpar 1,5 milljónir og ferðamálastjóri 1,47 milljónir afturvirk til 1. október. Í öllum upphæðunum hefur verið tekið tillit til fastakveðinnar yfirvinnu. – jõe



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

GERÐU GOTT MÓT MEÐ AURIS

sérstakt tilboðsverð

í takmarkaðan tíma



Verðlistaverð frá:
Auris – 2.970.000 kr.
Auris Hybrid – 3.290.000 kr.

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Auris meðan tilboðið gildir ●●●●●●●●

Pegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértíloboð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fylgist betur með fjármálamarkaði

EFNAHAGSMÁL Miklu máli skiptir að íslensk stjórnvöld herði eftirlit með fjármálamarkaðinum, veiti eftirlitsstofnunum öflugar valdheimildir og effli sjálfstæði þeirra, að mati sendinefndar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins (AGS). Kaup bandarískra vögunarsjóða á nær þriðjungshlut í Arion banka verði prófsteinn á Fjármálaeftirlitið er það leggur mat á hvort þeir séu hæfir til þess að fara með virkan eignarhlut í bankanum.

Í nýrri skýrslu sendinefndarinnar segir að hætta felist í því að

gefa flæði fjármagns frjálst án þess að herða um leið eftirlit með fjármálamarkaðinum. Hvetur nefndin ríkisstjórnina til að stíga strax stór skref í þá átt að styrkja alla eftirlitsstarfsemi sem og regluverk. Nefndin segir að nái fyrrnefndir kaupendur í Arion völdum í bankanum gætu þeir „sóst af hörku eftir háum arðgreiðslum, sölu eigna og endurskipulagningu“ á rekstri bankans.

Beinir nefndin því til stjórnvalda að einkavæða ekki Íslandsbanka og Landsbankann í flýti. – Kij

Beitarland til sölu

Til sölu 19 ha. gott beitarland með rennandi vatni. Staðsett í mynri Hvalfjarðar að sunnanverðu í Reykjavík.

Upplýsingar í síma 8600005/8971337

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

**VOLVO
PENTA**

Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gíslí
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bildshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Tilnefningar óskast til viðurkenninga umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir tilnefningum til tvennra verðlauna sem afhent verða á Degi íslenskrar náttúru, 16. september.

Fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins verða veitt fjölmiðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðarfólki, ljósmyndara eða rithöfundu fyrir framúrskarandi umfjöllun um umhverfismál og/eða íslenska náttúru undangengna tólf mánuði (tímabilið ágúst 2016 – ágúst 2017).


Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skal senda í síðasta lagi **25. ágúst 2017** á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, eða á netfangið postur@uar.is



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Leiddur fyrir dóm



Jón Trausti Lúthersson huldi ekki andlit sitt er lögregla leiddi hann fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og sýndi Jón ljósmyndara hvað honum fannst. Hann og Sveinn Gestur Tryggvason voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 21. júlí á grundvelli almannahagsmuna, grunaðir um aðild að manndrápi í Mosfellsdal. Tvímennigarnir höfðu verið í einangrun frá 8. júní en eru það ekki lengur. MYND/FRÉTTABLAÐID

Sérstök áhersla BHM á starfsfólk Landspítala

Bandalag háskólamanna segir mikilvægt að taka á launasetningu innan þjóðarsjúkrahússins. Fulltrúar samtakanna funduðu með forsætisráðherra í vikunni um stöðu vinnumarkaðarins. Kjaraviðræður fara senn í hönd.

KJARAMÁL BHM ætlar að leggja sérstaka áherslu á laun heilbrigðisstarfsmanna í næstu kjarasamningum, sem fara í hönd innan nokkurra vikna. Forystumenn samtakanna áttu fund með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra í vikunni til að ræða stöðuna á vinnumarkaði.

BHM segir í minnisblaði sem var kynnt fyrir ráðherra að greining samtakanna á launagögnnum félagsmanna hjá ríkinu sýni að meðaltal dagvinnulauna hjá 19 stofnunum sé undir 500 þúsund krónum á mánuði. Á þessum lista séu stofnanir í heilbrigðis- og menntunargeiranum áberandi, meðal annars Landspítalinn.

„Einn stærsti vinnustaður landsins er í slæmri stöðu og taka þarf sérstaklega á launasetningu innan þjóðarsjúkrahússins,“ segir í minnisblaðinu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir að dagvinnulaun félagsmanna BHM á heilbrigðisstofnunum gefi raunhæfa mynd af heildarlauninum.

„Það er ekki þannig að það sé

Minnstur ávinningur á Íslandi

Ávinningur af háskólanámi er minnstur hér á landi innan Evrópu, segir í minnisblaði sem fulltrúar Bandalags háskólamanna kynntu á fundi með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra í vikunni. Í minnisblaðinu kemur fram að þetta megi sjá á því að hlutfall ráðstöfunartekna þeirra, sem aðeins hafa grunnskóla-menntun, af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra sé hæst hér.

Það er ekki þannig að það sé mikil áukavinna eða önnur vinna í boði.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



mikil áukavinna eða önnur vinna í boði og það er gott að rifja það upp að eftir hrun var gripið til mikilla aðgerða til að hafa slíkt af fólki. Og við sjáum það í kjarakönnun BHM í fyrra að þar sem laun voru að hækka virtist okkur slíkar umfanggreiðslur frekar renna til karla en kvenna,“ segir Þórunn.

Forysta BHM átti í vikunni fund með forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, þar sem rætt var um stöðuna á vinnumarkaði í aðdraganda kjaraviðræðna 17 aðildarfélaga bandalagsins við ríkið.

Alþingi samþykkti lög á verkfallsaðgerðir sautján aðildarfélaga BHM í júní 2015 og fól gerðardómi að úrskurða um kaup og kjör félagsmanna.

Úrskurður gerðardóms rennur úr gildi í lok ágúst næstkomandi og eru því fram undan samningaviðræður félaganna við ríkið.

Þórunn segir að BHM sé þegar byrjað að undirbúa sig fyrir viðræðurnar og vonast til þess að þær geti farið fljótt af stað.

jonhakon@frettabladid.is



HAVE AN ASS KICKIN' DAY!

ASS KICKIN'

Hot sauce, BBQ sauce, hnetur og salsa sósur
Varúð ekki fyrir viðkvæma!



Atvinnuþátttaka sögulega mikil

EFNAHAGSMÁL Atvinnuþátttaka á Íslandi er orðin mjög mikil í sögulegu samhengi, að sögn sérfræðinga hagfræðideildar Landsbankans. Þeir benda á að 85 prósent af heildarmannfjölda á vinnualdri hafi verið virk á vinnumarkaði í maímánuði. Sé litið til tólf mánaða meðaltals hefur þátttakan verið tæplega 84 prósent síðustu mánuði.

Samkvæmt nýjum mælingum Hagstofu Íslands var atvinnuleysi 5,3 prósent í maí sem er aukning um 3,6 prósentustig á tveimur mánuðum. – **lj**

Flassarar fá þyngri refsingu

DANMÖRK Dómsmálaráðherra Danmerkur, Søren Pape Poulsen, segir það skjóta skökku við að sá sem berar sig fyrir framan aðra fái vægari refsingu en sá sem birtir myndir úr eftirlitsmyndavél af viðkomandi. Hann vill að flassarar fái þyngri refsingu.

Maður sem beraði sig fyrir framan tvær 10 ára stúlkur á bak við verslun var dæmdur til að greiða 2.500 danskar krónur í sekt. Móðir annarrar stúlkunnar tók mynd af mannum með farsímanum sínum af myndbandi úr eftirlitsmyndavél. Hún birti myndina á Facebook og hvatti fólk til að deila henni. Móðirin neitaði að greiða sekt upp á 5.000 danskar krónur fyrir að brjóta persónuverndarlög og málið fór fyrir rétt.

Vegna galla í ákæru var móðirin sýknuð. Hún hefur nú verið ákærð að nýju og þarf að mæta fyrir dóm. – **ibs**

LEIÐRÉTTING

Í pistli Stjórnarmannsins í Markaðnum á miðvikudag sagði að Tilboð aldarinnar hjá Hamborgarabúllu Tómasar kostaði 2.600 krónur. Hið rétta er að það kostar 1.890 krónur.

Hlutfall reiðufjár í umferð hér með því minnsta sem þekktist

Tillaga um að fjarlægja 5 og 10 þúsund króna seðla úr flóru reiðufjár féll í grýttan jarðveg. Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra dró í land með hugmyndina í gær. Hlutfall reiðufjár hér er með því lægsta sem þekktist. Í Sviss er stærsti seðillinn jafnvirði 107 þúsund króna. Stærsti evrusaðillinn jafngildir 58.000 krónum.

VIÐSKIPTI Alls eru tæplega 50 milljarðar af 5 og 10 þúsund króna seðlum í umferð hér á landi. Það eru tæplega 87 prósent af öllum seðlum í umferð og tæp 82 prósent af öllu reiðufé í umferð hér á landi.

Starfshópar á vegum fjármálaráðuneytisins skiluðu í fyrradag skýrslum með ábendingum og leiðum til að koma í veg fyrir skattsvik.

Meðal hugmynda í skýrslunum var að hætta notkun 5 og 10 þúsund króna seðla og fjölga minni seðlum á móti. Þá var einnig lagt til að Seðlabankinn, eða annar opinber aðili, kæmi til með að sjá um útgáfu greiðslukorta.

Hlutfall reiðufjár í umferð er oft metið sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hlutfallið hér á landi hefur yfirleitt verið frekar lágt en aldarfjórðunginn fyrir hrun var það til að mynda yfirleitt í kringum eitt prósent.

Eftir að hrúnið skall á var það aukið og hefur að undanfögnu verið 2,25 prósent. Hlutfallið er með því lægsta sem þekktist en það er til að mynda um níu prósent á Evrusvæðinu, um sjö prósent í Bandaríkjunum og fjögur prósent á Bretlandseyjum.

Pegar niðurstöður starfshópanna voru kynntar sagði Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, að verið væri að „lýsa bókstaflega yfir stríði“ gegn skattsvikum. Fulltrúa frá Seðlabanka Íslands var ekki að finna í nefndinni.

Óhætt er að segja að tillögurnar sem lutu að reiðufénu hafi fallið í grýttan jarðveg. Gagnrýni fólks var af misjöfnum toga.

Sumir töldu tillögurnar skerða frelsi, aðrir litu til persónuverndarsjónarmiða og enn aðrir höfðu áhyggjur af eldri frændum og frænkum í fermingarveislum framtíðarinnar.



Hugmynd sem fjármálaráðherra kynnti um að taka stóra peningaseðla úr umferð mætti andstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stórir seðlar erlendis

Danmörk – 1.000 DKR – 15.620 IKR
Bandaríkin – 100 USD – 10.370 IKR
Bretland – 100 GBP – 13.200 IKR
Svíþjóð – 1.000 SKR – 11.900 IKR
Noregur – 1.000 NKR – 12.280 IKR
Evrusvæðið – 500 EUR – 58.080 IKR
Sviss – 1.000 CHF – 107.060 IKR

Í raun var jarðvegurinn svo grýttur að ráðherrann var gerður afturreka með hugmyndirnar. Birti hann pistil þess efnis í gær og sagði þjóðina ekki tilbúna í slíkar aðgerðir. Gagnrýnina var ekki síst að finna úr röðum annars stjórnarflokks, Sjálfstæðisflokksins.

Hluti þeirra sem voru andvirgir hugmyndinni benti á reynslu Indverja en fyrir hálfu ári tóku stjórnvöld 500 og 1.000 rúpía seðla fyrirvaralaust úr umferð.

Aðgerðin skapaði mikinn glundroða í samfélaginu og lamaði efnahagskerfið um skeið. Ólíkt er hins

vegar að sambærileg aðgerð hér á landi myndi hafa sviðuð áhrif. Áætlað er að um 90 prósent viðskipta Indverja séu gerð með reiðufé en talan hér á landi er innan við tíu prósent.

Sé litið til nágrannalanda okkar, eða þeirra landa sem Íslendingar skipta einna oftast við, má sjá að í flestum þeirra er stærsti seðillinn ekki langt frá því að vera sambærilegur íslenska Jónasinum um þessar mundir. Evrusvæðið og Sviss bjóða síðan upp á seðla sem eru umtalsvert verðmeiri.

johannoli@frettabladid.is

Augnlækningar Starfsaðstaða til boða

Vegna aukinna umsvifa og stækkunar á húsnæði býður Augljós upp á nýja starfsaðstöðu til afnota á sviði almennra augnlækninga. Unnt er að nýta augnlæknaðstofuna hluta úr viku eða að fullu til lengri eða skemmri tíma.

Augljós leggur áherslu á að vera í fararbroddi varðandi:

- læknisfræðileg úrlausnarefni
- tækni
- þjónusta

Umsóknum skal skilað fyrir 5. júlí n.k. á thorunnelva@augljós.is

Upplýsingar veitir Þórunn Elva Guðjohnsen framkvæmdastjóri í síma 894 0456

AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álheimar 74 • 104 Reykjavík



Íbúar Grenfell-turnsins fá íbúðir í lúxusblökk. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Telja sig tapa á förnarlömbum

ENGLAND Yfirvöld í Lundúnum hafa keypt 68 íbúðir í lúxusfjölbýlishúsi á Kensington Row fyrir þá sem misstu húsnæðið í eldsvoðanum í Grenfell-turninum. Nokkrir íbúar á Kensington Row eru ósáttir og segja þetta draga úr virði íbúða sinna.

Íbúarnir sem fyrir eru segjast hafa greitt háar upphæðir fyrir íbúðir sínar í fjölbýlishúsinu en þar er sundlaug, gufubað, kvikmyndasalur og dyrgæsla allan sólarhringinn. Íbúðir sem nú eru til sölu í lúxusblökkinni kosta frá 1,6 milljónum punda til 8,5 milljóna punda. Íbúðirnar sem bjóðast þeim sem misstu húsnæði sitt í Grenfell-turninum eru meðal þeirra ódýrari. Óljóst er hvort nýju íbúarnir fái aðgang að því í sameigninni sem nefnt er hér að framan.

Sumir íbúanna á Kensington Row benda á að margar íbúðanna í Grenfell-turninum hafi verið í framleigu. Þeir sem hafi verið með leigusamning þar muni fá nýtt húsnæði í lúxusfjölbýlishúsinu og framleigja það síðan. Þeir sem bjuggu í raun í turninum verði áfram húsnæðislausir. – **ibs**

RAFMAGNAÐIR BMW Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM.



Sheer
Driving Pleasure



BMW i8 ofur-tengitvinnbíll.
Verð: 16.990.000 kr.



BMW X5 xDrive tengitvinnbíll.
Verð frá: 9.190.000 kr.



BMW 2 SERIES xDrive tengitvinnbíll.
Verð frá: 4.490.000 kr.



BMW i3 100% rafbíll.
Verð frá: 4.490.000 kr.



BMW 7 SERIES xDrive tengitvinnbíll.
Verð frá: 13.890.000 kr.

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ OG MÖGULEIKANA.

BMW er leiðandi framleiðandi í smíði nútímalegra lausna sem spara orku og draga úr útblæstri. iPerformance PLUG-IN HYBRID tengitvinnbíllarnir sameina nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. BMWi 100% rafbíllarnir i3 og i8 eru síðan í algjörum sérflokki hvað varðar vistvæna hugsun og framúrstefnulegar lausnir enda smíðaðir að mestu leiti úr áli og koltrefjum (Carbon Fiber) í verksmiðju sem notast eingöngu við 100% hreina orku frá vind- og vatnsorkuverum.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

iPERFORMANCE

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Leiðtogi stjórnarandstöðu fær ekki að bjóða sig fram

RÚSSLAND Alexei Navalni, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Rússlandi, var í gær meinað að bjóða sig fram til forseta en forsetakosningar fara fram þar í landi á næsta ári. Miðstjórn kosninga í Rússlandi kvað upp úrskurð sinn þess efnis í gær og byggist hann á því að Navalny var dæmdur sekur fyrir fjárdrátt. Hann er nú á skilorði.

Navalni hefur hins vegar sagt

að sá dómur hafi verið pólitískur. Sjálfur hefur fann farið fyrir fjöldamótæmum gegn Vladimir Pútín Rússlandsforseta og sakað hann um spillingu.

Í ofanálæg var Navalni dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir í mánuðinum fyrir að brjóta endurtekið lög gegn slíkum fjöldamótæmum. Hafði Navalni kallað eftir því að fólk mótmælti meintri spillingu

ríkisstjórnarinnar og voru hundruð handtekin á þeim mótmælum.

Navalni hafnaði úrskurðinum í gær. Sagðist hann ætla með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Jafnframt sagði hann að í stjórnarskrá Rússlands segði að einungis fangar mættu ekki bjóða sig fram til forseta.

Mótmæli Navalni hafa undanfarið beinst gegn forsætisráðherr-

anum Dimitri Medvedev. Sakar Navalni forsætisráðherrann um að sanka að sér fé í laumi í skjóli embættis síns. Medvedev hafnar þeim ásökunum.

Sjálfur hefur Pútín ekki staðfest að hann muni gefa kost á sér á ný í forsetakosningunum. Ef hann sigrar í þeim kosningum yrði næsta kjörtímabil hans fjórða.

– þea



Alexei Navalni í lögregluþyglid. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

NFL-fursti verður nýr sendiherra

BANDARÍKIN Milljarðamæringurinn Woody Johnson verður nýr sendiherra Bandaríkjanna í Bretlandi. Um þetta tilkynnti Donald Trump, forseti Bandaríkjanna í gær. Skipanin er þó háð samþykki öldungadeildar bandaríska þingsins.

Johnson þessi hefur lengi verið traustur bakhjarl Repúblikana en hann studdi Jeb Bush í stað Donalds Trump í forkosningum Repúblikana í fyrra. Þá er Johnson einnig erfingi lyfjarisans Johnson & Johnson, eins og nafnið gæti gefið til kynna. Hann er þó þekktari fyrir að vera eigandi NFL-liðsins New York Jets í bandaríska fótþoltanum.

Theresa May, forsætisráðherra Breta, tók tíðindunum fagnandi. – þea

Upptök eldsins í Grenfell-turni voru í frysti

BRETLAND Eldsvöðinn sem varð 79 að bana í Grenfell-turni í London, Bretlandi, kviknaði út frá frysti. Frá þessu greindi lögregla borgarinnar í gær. Jafnframt sagði lögreglan að klæðning byggingarinnar sem og einangrun hennar hafi ekki staðist öryggiskröfur og því boðið hættunni heim.

Rannsað verður hvort einhver hafi gerst sekur um manndráp og að hundsa vísvitandi eldvarnarkröfur. Fjölmíðlar í Bretlandi hafa mikið fjallað um klæðningu turnsins sem talin er hafa spilað veigamikil hlutverk í slysinu. Hundruð turna í Bretlandi eru klædd með sams konar efni.

Greindi Paul Dennett, borgarstjóri Salford, frá því að nú þegar hefði sams konar klæðning verið fjarlægð af níu turnum í borginni. „Við ætlum ekkert að biða og sjá á meðan einhver vafi leikur á um öryggi borgara.“

Whirlpool, framleiðandi umrædds frystis, vottaði fórnarlömbum brunans virðingu sína í gær. – þea

Evrópusambandið óánæggt með samningstilboð Breta

Forseti leiðtogaráðs ESB segir tilboð Breta er varðar réttindi borgara Evrópusambandsins í Bretlandi ófullnægjandi. Forsætisráðherra Bretlands segir tilboðið sanngjarnt og sett fram af alvöru. Eitt helsta deilumálið í viðræðum er hvort Evrópuþingurinn eða breskir dómstólar muni hafa lögsögu í málum þeirra.

BRETAND Samningstilboð Bretlands er snýr að réttindum Evrópusambandsborgara í Bretlandi og breskra ríkisborgara í ríkjum Evrópusambandsins vegna Brexit er ófullnægjandi. Frá þessu greindi Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, í gær. Sagði Tusk að tilboð Breta fullnægði ekki væntingum sambandsins og það væri ekki nógu nákvæmt.

Þá sagði Tusk að markmið Evrópusambandsins væri að tryggja full réttindi allra borgara þess sem og réttindi Breta á meginlandinu. „Tilboðið felur í sér hættu á því að staða umræddra borgara versni,“ sagði Tusk við blaðamenn.

Samningstilboðið var kynnt á fundi í Brussel á fimmtudag. Í því er meðal annars kveðið á um að þær nærri þrjár milljónir borgara Evrópusambandsins sem búa í Bretlandi fái að vera þar áfram eftir Brexit. Hafi þeir verið í Bretlandi í fimm ár eða lengur muni þeir fá jafnan aðgang að breska heilbrigðis- og menntakerfinu og ýmissi annarri þjónustu. Það ákvæði er hins vegar háð því að hið sama muni gilda um Breta á meginlandinu.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði tilboðið „ágætis byrjunarreit“. Hins vegar væri mörgum spurningum um Brexit enn ósvarað og talsverða vinnu ætti enn eftir að ráðast í.

Á fundinum sagði May tilboð ríkis síns sanngjarnt og sett fram af alvöru. „Það miðar að því að tryggja eftir fremsta megni stöðu þeirra sem sest hafa að í Bretlandi og byggt þar upp líf sitt,“ sagði May.

Ymsir tóku þó í sama streng og Tusk í gær. Þannig sagði Joseph



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tilboðið felur í sér hættu á því að staða umræddra borgara versni.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB



Muscat, forsætisráðherra Möltu, að hætta væri á því að borgarar Evrópusambandsins mættu annars konar meðferð en Bretar. „Allir í Evrópu vilja sanngjarna meðferð fyrir alla okkar ríkisborgara,“ sagði Muscat.

Opinber afstaða Evrópusambandsins í málinu er sú að borgarar þess eigi að halda áfram að njóta sömu réttinda og Bretar svo lengi sem þeir lifa. Yrði það ekki virt myndi Evrópuþingurinn hafa lögsögu í slíkum málum. Bretar vilja hins vegar að breska dómkerfið sjái um þau mál.

Í gær sagði May að einkar jákvæð umræða hefði farið fram á milli Breta og annarra Evrópusambandsríkja um tilboðið. Hins vegar víðurkenndi hún að enginn einhugur væri um hvernig væntanlegum samningi yrði framfylgt. Ítrekaði hún að „hínir háttvirtu dómstólar Bretlands“ hefðu lögsögu í umræddum málum.

„Til að vera alveg skýr þá munu umræddir borgarar Evrópusambandsins á Bretlandi fá að vera þar áfram og við munum tryggja réttindi þeirra. Mér finnst tilboð okkar afar vandlega íhugað og málið mun nú þróast áfram í samningaviðræðum,“ sagði forsætisráðherrann breski.

Anne-Laure Donskoy, stofnandi samtakanna 3million sem hafa þann yfirlýsta tilgang að vernda réttindi þeirra þriggja milljóna Evrópusambandsborgara sem búa í Bretlandi, sagði við BBC að tilboð Breta ylli vonbrigðum og væri langt undir væntingum samtakanna. „Tilboðið er hvorki sanngjarnt né vandlega íhugað,“ sagði Donskoy. thorgnyr@frettabladid.is

Katörum sett ströng skilyrði

KATAR Fjögur Arabaríki hafa sent Katörum strangar kröfur, eigi þau að aflétta þvingunum gegn katarska ríkinu. Ríkin sem um ræðir eru Sádi-Arabía, Egyptaland, Bahrein og Sameinuðu arabísku furstadæmin.

Katarar hafa nú þurft að sæta þvingunum í tvær vikur og hafa samskiptin við fyrrnefnd ríki sjaldan verið verri. Eru Katarar meðal annars sakaðir um að fjármagna hryðjuverkasamtök.

Nokkrar þeirra krafna sem um ræðir eru að skera á tengsl við Bræðralag múslima, neita að veita ríkisborgurum ríkjanna fjögurra ríkisborgararétt og senda þá til kalla til heimalandsins, framselja alla þá menn sem eftirlýstir eru, grunaðir um hryðjuverk, til landanna fjögurra, hætta að fjármagna hryðjuverkasamtök, skera á fjárveitingar til fjölmiðla á borð við Al Jazeera og Arabi21 sem og að greiða ótilgreindar skaðabætur.



Katörum er gert að skera á fjárveitingar til Al Jazeera. NORDICPHOTOS/AFP

Þá greinir heimildarmaður Reuters frá því að Katörum sé líka gert að skera á meint tengsl við ISIS, al-Kaida og Hezbollah.

AP greinir frá því að Katörum sé í þokkabót gert að kalla diplómata sína heim frá Íran og einungis stunda viðskipti við Íran sem stand-

ast kröfur þvingana Bandaríkjanna gegn ríkinu.

Í vikunni sagði utanríkisráðherra Katars að ríki sitt myndi ekki samþykkja nein afskipti annarra ríkja af Al Jazeera enda teldu Katarar slíkt heyra alfarið undir innanríkismál.

– þea



iGreen V5.05.09 umgjörð kr. 11.900,-

Líflegir litir!

Frábært verk á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

E YES LAND gler•augu

Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is



#SNJALLASTUR

Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra aksturseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

1.890.000 KR.

28.179 kr.
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
 - Kaupverð 1.890.000 kr.
 - Útborgun 189.000 kr.
 - Vextir 8,4%
 - Lánstími 84 mánuðir
 - Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,34%
- Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsgöðu möguleiki



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Þúsundkallastríð



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Gjarnan hefur verið sagt að stjórnmalámennt græði manna mest á styrjöldum. Þær séu til þess fallnar að þjappa þjóðum saman og sýna leiðtoga í jákvæðu ljósi. Einstaka leiðtogar eru grunaðir um að hafa fundið sér tylliastæðu til stríðsbrólts til að upphjafa eigin vinsældir. Falklandseyjastrið Margaret Thatcher var stundum nefnt í þessu samhengi, og jafnvel Íraksstríð Bush feðga.

Þessi hugmynd var svo sýnd í fremur spaugilegu ljósi í kvikmyndinni Wag the Dog, þar sem Bandaríkjaforseti í vandræðum skáldaði upp stríð við fjarlægt ríki til að tryggja eigið endurkjör.

Engu líkara er en að Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra hafi gripið til örþrifaráða af svipuðum toga nú þegar fylgi ríkisstjórnarinnar, Viðreisnar og hans sjálfs virðist á hraðri leið með að fjara út. Sem betur fer stendur Benedikt þó ekki í hefðbundnu hernaðarbrótti.

Hann sker upp herör gegn skattsvikum.

Öll getum við verið sammála um erindi ráðherrans – skattsvik eru þjóðarmein. En að slík háttsemi verði upp-rætt með því að taka tíu og fimm þúsund króna seðla úr umferð er fjarstæðukennt. Þeir sem stunda svartar greiðslur eða svarta atvinnustarfsemi láta það varla trufla sig verulega að þurfa að bíða eilitíð lengur í hraðbankanum. Svo flýtur allt í erlendum gjaldeyri á Íslandi.

Þar fyrir utan virðist fjármálaráðherra lítið hafa velt fyrir sér hliðarverkunum svona aðgerðar.

Á með þessu að þvinga alla Íslendinga til viðskipta við bankastofnanir með tilheyrandi kostnaði og eftirliti með einkamálefnum? Mörgum þykir milliliða-kostnaður nægur fyrir. Eru það ekki sjálfsögð mannréttindi að fólk ákveði sjálft hvort það nýti sér bankaþjónustu en stjórnvöld neyði þeim ekki upp á okkur öll í einu formálalaust?

Hvernig á að útfæra heimildir ríkisins til að fylgjast með einkafjármálum fólks? Ef plön Benedikts ganga eftir og uppræta á skattsvik með því að beina hverri krónu í einhvern skráðan farveg hlýtur það að kalla á stóraukið eftirlit ríkisins með reikningum fólks og einkamálum þess. Bankareikningar okkar geyma gríðarlegar upplýsingar um háttsemi og neyslumunstur. Auðvelt er að færa fyrir því rök að við eigum að fá að halda slíku út af fyrir okkur.

Að minnsta kosti þarf að búa þannig um hnútana að aðgangur ríkisins og annarra að slíkum upplýsingum lúti ströngum skilyrðum.

Benedikt Jóhannesson má eiga að hann hugsar stundum stórt. Hann var til skamms tíma öflugri en flest starfssystkini hans í stjórnmalunum í stuðningi við að krónunni yrði skipt út fyrir nýja mynt. Fyrir það fékk hann mörg atkvæði í síðustu kosningum. Þó að örlögin hafi hagað því þannig að lítið hafi orðið um efndir skorti hann aldrei röksemdir fyrir þeirri hugmynd. Frekar að fólk spyrji sig hvers vegna hann fylgir henni ekki eftir af meiri dug.

Útrýming reiðufjár er líka stór hugmynd. En nú er erfiðara að koma auga á rökin, enda hefur Benedikt þegar hopað. Kaldhæðni örlaganna er þó sú að sá sem mest særist í fyrstu orustu þessa stríðs er fjármálaráðherra sjálfur.



Kaldhæðni örlaganna er þó sú að sá sem mest særist í fyrstu orustu þessa stríðs er fjármálaráðherra sjálfur.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Gleði hins miðaldra manns

Ég hittu gamlan kunningja um daginn. Hann byrjaði fyrir nokkrum árum að safna plötum. Alveg óvart. Núna á hann um 50 þúsund plötur og kemur þessu ómögulega fyrir í íbúðinni sinni. Plötur flæða út um allt og hann gerir sér grein fyrir því að þetta er komið út í algjöra vitleysu. Hann getur bara ekki hætt. Ég veit ekki einu sinni hvort hann hlustar eitthvað á þær.

Þannig er ég. Nema hjá mér snýst þetta um tæki. Ég fæ stundum á tilfinninguna að ég sé að eldast. Fyrir utan hin augljósu merki (stöku grátt hár og svoléiðis) þá finnst mér ég helst sjá það á því hvað gerir mig spennant. Hvað gleður mig. Ég hefði til dæmis aldrei trúað því að ég gæti varla sofnað af því að mig langar svo mikið í nýjan fernna dyra ísskáp sem heldur öllu sjúklega köldu og er með einhvers konar Sodastream vél framan á sér. Ekki að ég geri ráð fyrir að nota hana mikið. Mig langar bara rosalega mikið í svona ísskáp.

Bilanaprá

Ég á finan ísskáp sem ég keypti reyndar fyrir mörgum árum. Það er engin skynsemi í því að fá sér nýjan. Óskynsami ég vonar samt að hann fari að bila svo ég hafi afsökun fyrir að fá að upplífa gleðina sem fylgir nýrri græju. Skinandi, fallelgrí, nýrri (og sennilega óþarfri) græju. Ég kynni hér með hið íslenska nýyrði bilanaprá til að lýsa mönnum sem eru jafn langt leiddir og ég.

Ég er nefnilega kominn á þann stað að hlutir gleðja mig. Nýja uppþvottavélin er jafnvel frábærari en gamla uppþvottavélin sem var ömurleg. Ég fyllist einlægri gleði þegar allt kemur út úr henni, skinandi hreint og þurrt. Það er til dæmis tilfinning sem ég vissi ekki að ég byggji yfir. Og reyndar ekki heldur unaðstilfinningin sem fylgdi því að láta þessa gömlu, sem hafði nokkrum sinnum reynt að breyta eldhúsinu í sundlaug, gossa í gáminn í Sorpu.



Nýja uppþvottavélin er jafnvel frábærari en gamla uppþvottavélin sem var ömurleg. Ég fyllist einlægri gleði þegar allt kemur út úr henni, skinandi hreint og þurrt.

Ég held nefnilega að þessi græjufíkn í mér sé einhvers konar miðaldramerki. Og ég veit að ég gæti notaði peningana í eitthvað skynsamlegra. En þörf mín fyrir tæki er nánast óendanleg. Ryksugu- og skúringaróbotarnir, sem ég hef áður sagt frá, eru sennilega til merkis um að þetta sé nokkuð langt gengið hjá mér.

Gleðin

Þetta er ekki bara ég. Nágranni minn keypti svo flottan hátalara um daginn að í þrjá daga í röð var ekki hægt að halda uppi samræðum við kvöldverðarborðið því það þurfti að prófa græjuna.

Og þetta er ekki nýtt. Ég man enn þegar ég sá lita-sjónvarp í fyrsta sinn. Heima hjá vini mínum var horft á Húsbændur og hjú og allir voru appelsínugulir í framan með blátt hár. Ég nefndi kurteislega hvort það mætti ekki minnka litinn. Þabbi vinar míns leit á mig og sagði: „Minnka litinn? Veistu hvað þetta tæki kostaði?“

Sálfræðingur myndi kannski segja að ég, og aðrir í þessari stöðu, værum með þessu að reyna að fá einhverja fyllingu í lif okkar eða eitthvað álíka gáfulegt. Ef það þarf að setja einhvern stimpil á þetta, gæti ég svo sem kallað þetta einhvers konar gráan fíðring hins hamingjusama fjölskylduföður.

En lítum bara á björtu hliðarnar. Ég er að minnsta kosti ekki að ná mér í kvef á gulum blæjubíl í þessu furðulega íslenska sumri.

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

Tryggðu þér nýjan Hyundai i30 með veglegum kaupauka.



Verð frá:
2.890.000 kr.

Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður. Hægt er að velja úr úrvali sparneytinnna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km. Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.890.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

TWIST

2,5 sæta sófi.
Orange, ljósblar
og grár. Viðarfætur.
Stærð: 157 x 92 x 95 cm

40%
AFSLÁTTUR



53.994 kr.
~~89.990 kr.~~

KAMMA

Þriggja sæta sófi með
viðarfótum. Ljósgrátt
slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 84 x 105 cm

30%
AFSLÁTTUR



97.993 kr.
~~139.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

FIMON

Tveggja eða þriggja sæta sófi. Grátt eða grábrúnt áklæði,
einnig gult eða grænt sléttflauel.

3ja sæta: 208 x 83 H: 77 cm.

2ja sæta: 150 x 83 H: 77 cm.

99.995 kr. ~~199.990 kr.~~

74.995 kr. ~~149.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

MINEOLA

Tveggja og þriggja sæta sófar. Grár, gráblár eða ljós.

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm

76.993 kr. ~~109.990 kr.~~

69.993 kr. ~~99.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

IBIZA

Eldhúsbord, hvítt.
Stærð: Þ: 110 cm H: 74 cm hvítt

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

MARCUS

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

4.794 kr. ~~7.990 kr.~~



45%
AFSLÁTTUR

JOLENE

Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

7.695 kr. ~~13.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

ANDREW

Borðstofustóll. Sterkt svart, hvítt,
brúnt eða grátt bundið leður.

11.893 kr. ~~16.990 kr.~~



ALLIR PÚÐAR
MKIÐ ÚRVAL

50%
AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA
FRÁ VIDIVI

30%
AFSLÁTTUR



ATELIER MATARSTELL
FRÁ AIDA

50%
AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA
FRÁ IVV

30%
AFSLÁTTUR



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Sumar

ÚTSALAN

Allt að

60%

afsláttur

RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Grænblátt, ljósgrátt eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.



3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

55.993 kr. ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

48.993 kr. ~~69.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

NORA

Svart PU leður.

19.995 kr. ~~39.980 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

TWIST

Ljósblátt, orange, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Skammel í sömu litum selt sér.

35.994 kr. ~~59.990 kr.~~

GLOBE

Hægindastóll. Facet Auberginu fjólublátt, gult eða grátt áklæði.

30%
AFSLÁTTUR



Skammel

45.493 kr. ~~67.990 kr.~~



Stóll

192.493 kr. ~~274.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Ekki bannað að láta sig dreyma

Agla María Albertsdóttir, 17 ára gamall kantmaður Stjörnunnar, er á leið á sitt fyrsta stórmót en fyrsti leikurinn þar verður fimmti leikur hennar fyrir landsliðið. Agla hefur sprungið út með Stjörninni í sumar.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



FÓTBOLTI „Aron bróðir minn sendi á mig að ég væri í hópnum þannig að ég var bara mjög ánægð. Gærdagurinn var góður,“ segir Agla María Albertsdóttir, kantmaður Stjörnunnar, er hún kjamsar á hollri búrritö við borðstofuborðið heima hjá sér í vesturbæ Kópavogs. Við enda götunnar má sjá Kópavogsvöll og Fífuna, heimavöll Breiðabliks og því eðlilegt að fótboltaferillinn hafi byrjað þar hjá þessari gríðarlega efnilegu fótboldastelpu.

Ástarsaga Kittu og Óla nær aftur til unglingsáranna þegar þau voru kærustupar um tíma. Síðar héldu þau hvort í sína áttina og eignuðust maka og fjölskyldur. Þegar leiðir lágu saman á ný hafði Kittu búið flest sín fullorðinsár á Skagaströnd og í Danmörku, fjarri dagleiðum Óla.

„Það var mjög sérstakt að sjá Kittu aftur," segir Óli um þeirra fyrstu endurfundi í Skorradal. „Mér fannst hún ekkert hafa breyst og hjarta mitt tók kipp. Mér leið eins og ég hefði aldrei kvatt hana. Kittu hefur alltaf átt stað í mínu hjarta og mér hefur þótt gríðarlega vænt um hana.“

Óli og annar bræðra Kittu eru gamlir vinnufélagar og hafði Óli

reglulega fengið fréttir af Kittu í gegnum tíðina.

„Svo var það veturinn 2011 að hann segir mér að Kittu sé flutt til Íslands og spyr hvort ég biðji ekki að heilsa henni. Jú, jú, sagði ég og hugsaði ekkert meira um það. Svo líður tíminn og stefnt er að endurfundum okkar árgangs úr Hólabrekkuskóla. Þá fer einn vina minna að djöflast í mér og segir Kittu mæta til endurfundanna en ég gaf því lítinn gaum," segir Óli sem var alls ekki á þeim buxum að finna sér konu því hann hafði misst eiginkonu sína um sumarið.

„Síðan fæ ég pata af því að gamlir skólafélagar hefðu líka spjallað við Kittu og ýmislegt baukað á bak við tjöldin. Ég afreð því að hringja í hana og þegar hún spurði mig fréttu, svaraði ég og gat ekki annað: „Ég er enn þá þessi asni sem þú kysstir þá.“ Kittu skellti upp úr og það endaði með því að ég bauð henni til mín í bústaðinn. Þar náðum við strax saman og þar var bara gengið frá þessu," segir Óli og hlær við, en saman mættu þau Kittu sem par til endurfunda við gömlu skólasystkinin, rétt eins og í gamla daga.

Guðs gjöf að hittast á ný

„Óli hafði búið um mig í gestaherberginu þegar ég kom í Skorradalinn. Við áttum ekki endilega von á að ástin byggji enn í brjóstum okkar," segir Kittu um samfundina en þau Óli hafa verið saman allar götur síðan. „Ég fann strax að mig langaði að hitta hann aftur þótt ég hefði kannski ekki trú á að samband okkar gengi upp.“

Kittu vísar til þess að bæði hafi þurft að sýna aðgát vegna barna og unglunga í lífi þeirra beggja.



Kittu og Óli gengu fyrst saman inn kirkjugólfid á fermingardaginn á sumardaginn fyrsta 1981 eins og sjá má á þessari einstöku mynd sem náðist af þeim í Bústaðakirkju. Séra Geir Waage giftir þau í Reykholtskirkju í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

25% afsláttur af öllum vörum frá ZHENZI og ZE-ZE Vikuna 19. - 24. Júní

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

25% afsláttur af öllum vörum frá ZHENZI og ZE-ZE Vikuna 19. - 24. Júní

Netverslun á tiskuhús.is

Stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

„Eftir kvartöld vorum við orðnar allt aðrar og lífsreyndari manneskjur og þess vegna gekk þetta í upphafi ekki jafn vel og í Rauðu ástarsögunum. Óli var ekkill með sin ungmenni og ég fráskilin með mín en þetta gekk vel og gengur alltaf betur og betur.“

Undir það tekur Óli. „Það er lyginni líkast hvernig allt hefur gengið upp. Mín börn voru í sorg vegna móðurmissisins og eðlilega ekki tilbúin að fá aðra konu í líf sitt. Við Kittu fórum því ekki að búa nærri strax. Ég hefði hins vegar aldrei kynnt þau fyrir annarri konu en Kittu því ég þekki hjartalag hennar og fagra persónu. Þegar hún kom svo inn í líf barnanna var það það besta sem gat komið fyrir þau og ekki síst fyrir dóttur mína sem leitar nú til Kittu með allt sem maður leitar til mómmu sinnar með. Þá dýrka barnabörnin mín litlu ömmu Kittu sem sannarlega hefur reynst þeim hin besta amma.“

Eftir löng og erfið veikindi eiginkonu sinnar segir Óli það hafa verið létti þegar hvíldin kom.

„Þess vegna var ég kannski tilbúinn fyrr en aðrir. Margir eru lengi að vinna sig út úr sorg og söknuði en ég ákvað að dvelja ekki við sársaukann og fór til dæmis að vinna úti í Skorradal eftir útförina. Lífið heldur víst áfram og það veit Guð að við urðum fyrir miklu láni þegar Kittu kom inn í líf okkar á þessum tíma.“

Gaman í lífsins melódi

Óli bað Kittu á Þorláksmessu fyrir jólin 2013. „Það var nú ekkert flókið," segir Kittu. „Hann birtist bara heima í vinnugallanum; lopa-peysunni og með óveðurshattinn, bar upp hringinn og bað mín. Ég var vitaskuld fullviss í hjarta mínu og játaðist honum strax.“

Þau Kittu og Óli verða bæði fimmtug á árinu, hann átti afmæli

Ég vil ekkert lifa í synd. Maður er búinn að syndga nóg!

Óli

Maður bara finnur að þetta er lífsförunauturinn; þessa tilfinningu öryggis og vissu.

Kittu

í apríl og hún verður fimmtug á morgun, 25. júní. Því slógu þau saman brúðkaupi og 100 ára afmæli í Lundarreykjadal í dag.

„Það kom ekki annað til greina en að halda sveitabruðkaup. Óli er sveitalubbi í húð og hár og ég dreifbýlistútta líka. Það að brúðkaupið beri upp á Jónsmessu hefur enga sérstaka þýðingu en hver veit nema brúðkaupsgestir striplist og velti sér upp úr Jónsmessudögginu," segir Kittu hlæjandi.

Hún segir auðvelt að þekkja tilfinninguna sem fylgir þeirri vissu að lífsförunauturinn sé kominn.

„Maður bara finnur það, þessa tilfinningu öryggis og vissu. Ég vona að okkur endist líf og heilsa til að njóta lífsins saman. Óli hefur alltaf unnið mikið en vonandi getur hann farið að slaka aðeins á og við verið meira í sveitinni. Skorra- og Lundarreykjadalir eru okkar staðir, þar kviknaði ástin að nýju og þar líður okkur best.“

Þau Kittu og Óli trúu og treysta á Guð; föður, son og heilagan anda.

„Ég vil ekkert að lifa í synd. Maður er búinn að syndga nóg!" segir Óli og hlær hamingjuhlátri. Hann bætir við að heilagt hjónband leggi einnig grunn að lagalegum rétti beggja ef annað fellur frá.

„Það er glöðværðin og góðmennska Kittu sem gerir hana að draumadísinni. Hún er kát og skemmtileg en líka íhugul og sannur og traustur vinur. Maður treystir ekki hverjum sem er fyrir sínum innstu tilfinningum en því sem Kittu er treyst fyrir meðal vina og vandamanna fer aldrei lengra. Þá er hún gullfalleg ásýndum er ekki síður fögur að innan. Eftir því sem árin færast yfir hugsar maður meira inn á við og þá stendur innri feðurð manneskjunnar upp úr.“

Kittu veit líka upp á hár hvers vegna hún vill gefast Óla.

„Óli býr yfir mannkostum sem ég sækist eftir. Hann er traustur og gæðin í gegn, kletturinn í mínu lífi og hefur reynst mér og mínum einstaklega vel. Ég hef kynnt honum upp á nýtt en samt er hann alltaf sá sami. Óli hefur alltaf verið góður gæi, hjartalag hans og tryggð heilla mig, og hann er ákaflega skemmtilegur og rómantískur. Hann ber mig alla daga á höndum sér og er alltaf að bæta í þar. Þá hefur mér alltaf þótt hann rosalega sætur, með geislandi fallig augu.“

Þau biða þess í ofvæni að vera gefin saman í Reykholtskirkju, frammi fyrir Guði og mönnum. „Að vakna á 50. afmælisdegi Kittu á morgun, og vera orðinn eiginmaður hennar, verður dýrðin ein," segir Óli. „Árni Johnsen vinur minn skrifar alltaf í jólakortin: „Höfum gaman í lífsins melódi.“ Það finnst mér góður punktur. Eftir alla lífsreynsluna er maður þakklátur fyrir hvern dag og að allir séu heilir og hraustir. Ég er líka sérstaklega þakklátur fyrir að verða fimmtugur. Margir kvíða því en það er gleðin ein. Við komum öll nakin og allslaus í heiminn, og erum öll jöfn. Því skipta veraldleg gæði engu; lífið með ástvinum er það eina sem skiptir máli.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

365 miðlar

Ábyrgðarmaður:

Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhanna Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Styrkir ónæmiskerfið og eykur úthald og hreysti

Bio-Kult Candéa hylkin er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk.

Íris Ásmundardóttir æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London.



» Hreysti og betri einbeiting fyrir tilstuðlan Bio-Kult.

Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspæstir, ég má ekkert vera að því að eyða tímanum í þær,“ segir Íris. Henni finnst Bio-Kult gera sér gott samhlíða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“

Bio-Kult er fyrir alla. Innihald Bio-Kult Candéa-hyllkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract.



Íris Ásmundardóttir ballerína er mjög hraust, sjaldan þreytt og með góða einbeitingu. MYND/ANTON BRINK

Árangurinn kom á óvart

Hrönn Ægisdóttir hefur lengi verið með sólarexem og hefur orðið sérstaklega slæm þegar hún fer í frí til sólarlanda. „Ég fæ alltaf sólarexem þegar ég fer í sól og það hefur bara aukist með árunum. Ég er einnig mjög oft þurr í húðinni vegna vanvirkni í skjaldkirtli,“ útskýrir Hrönn.

Þegar hún sá umfjöllun um Perfect Tan í blöðunum og að Perfect Tan-töflurnar frá New Nordic gætu fyrirbyggt að fólk fái sólarexem í friinu leist henni svo vel á það að hún ákvað að prófa.

„Ég sé ekki eftir því, ég fór í sólina í fyrrasumar og aftur í vetur og fann ekki fyrir neinu sólarexemi. Ég varð einnig mun betri í húðinni, fékk ekki þennan mikla þurrk í sólinni. Þvílíkur munur því ég var alltaf mjög slæm af sólarexeminu,

sérstaklega á bringunni og einnig á handleggjum. Til viðbótar varð ég svo ánægð með húðlitinn, ég fékk mun fyrir brúnan og fallegan húðlit í sólinni. Þetta kom mér verulega á óvart og ég er mjög ánægð með árangurinn því það er svo gott að vera laus við sólarexemið,“ segir Hrönn.

Hún bætir við að enn annað hafi komið henni skemmtilega á óvart. „Það var að neglurnar urðu svo sterkar. Það varð svona til að auka ánægjuna enn frekar.“

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.



„Ég fór í sólina í fyrrasumar og aftur í vetur og fann ekki fyrir neinu sólarexemi. Ég varð einnig mun betri í húðinni, fékk ekki þennan mikla þurrk í sólinni. Þvílíkur munur því ég var alltaf mjög slæm af sólarexeminu.

Hrönn Ægisdóttir

PERFECT TAN

- Getur komið í veg fyrir sólarexem
- Húðin verður ekki eins þurr
- Brúnni og fallegri húðlitur
- Vara sem virkar



Sólarexem hefur plagað Hrönn Ægisdóttur lengi en eftir að hún fór að nota Perfect Tan er hún laus við það og nýtur þess að vera í sólinni.

Slepptu þynnkunni



2 töflur fyrir skemmtun
2 töflur fyrir svefn

Fæst í næsta apóteki

www.icecare.is

Það er stormur í loftinu

Tónlist þríeykisins aYia hefur verið lýst sem dökku trip-hopi. Sveitin kemur fram á Hróarskeldu tónlistarhátíðinni í Danmörku í næstu viku en meðlimir hennar hafa lengi starfað við tónlist.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Rafpopp-þríeykið aYia er einn fulltrúi Íslendinga á Hróarskelduhátíðinni sem hefst í næstu viku í Danmörku og er jafnan vel sótt af Íslendingum.

Meðlimir aYia hafa starfað við tónlist lengi með ólíkum hljómsveitum. Saman hafa þau unnið að eigin tónlist undir merki aYia í rúmlega tvö ár. „Núverandi birtingarmynd aYia er eins konar samkunda hljóða sem áhorfendur greina í formi tónlistar. Annars má segja að aYia líkist meira óskilgreindu afli sem dregur fólk að til þess að tilbiðja tómið. Áhöfn þessa afli kemur úr þremur mismunandi áttum. Röddin kemur úr augunum, sá sem límir var alltaf þarna og skærin koma úr vatninu,“ segir einn meðlima sveitarinnar sem eru lítið fyrir að flagga réttum nöfnum sínum.

Tónlist sveitarinnar hefur verið lýst sem dökku trip-hopi en hvaðan koma hljóðin? „Þau koma úr kerri sem geymir huldufni. Skærin klippa þau í milljón og límið límir þau saman. Síðan borða augun þau

ofan í rödd sem er brú úr undirvatninu yfir í heim meðvitundar,“ bæta þau við.

Aðspurð hvernig það hafi komið til að þeim bauðst að koma fram á Hróarskeldu segja þau hafa verið á sveimi um bæinn í skammdeginu og fengið skeyti frá aðkomumanni. „Hann sagðist hafa njósnað um okkur í náttmyrkrinu. Hann sagðist hafa heyrt hljóð og séð dansa sem minna á glerkúlu á þilfari á skipi á rúmsjó og vildi bjóða okkur yfir hafið.“

Rannsaka svæðið

Nú þegar hafa tvö lög litið dagsins ljós, Vatnsplanta (waterplant) og Rústir (ruins). Ef marka má orð þeirra er meira efni væntanlegt í nánustu framtíð. „Kannski munum við næst sýna höf í lófum. Það er alls konar í aðsigi. Við erum að einbeita okkur að því að gera lögín sýnileg, setja kannski saman hreyfingu lita og forma í tímalínu fyrir glæra glugga í svörtum kössum. Fólk áttar sig kannski ekki alltaf á því að það er með tómið í höndunum hálfan daginn. Þínulitil tæki sem þjappa saman sálinni. Það er mjög áhugavert að vinna eitthvað með það.“

Sveitin hefur nær einungis komið fram á tónlistarhátíðum og „show-



aYia kemur fram á Hróarskeldu tónlistarhátíðinni í Danmörku í næstu viku. MYND/JULIE ROWLAND

case“ tónleikum en hélt þó sína fyrstu tónleika á Húrra í Reykjavík í upphafi mánaðarins. „Við höfum meðal annars komið fram á Airwaves, Lunga, Sónar Reykjavík, The Great Escape Festival í Brighton og á Jaja kvöldum í Berlin og London. Einnig spiluðum við á tónleikum í íshelli Langjökuls um síðustu helgi en þeir voru liður í

hliðardagskrá Secret Solstice tónlistarhátíðarinnar.“

aYia kemur fram á Gloria sviðinu næsta fimmtudag kl. 20. Þau ætla að nota tækifærið og skoða aðra listamenn á hátíðinni. „Við ætlum að skipta liði og rannsaka svæðið. Það er stormur í loftinu, það er eins og að Evrópa sé á íði, orkan er eins og hljóðlátur en nálægur

titringur, lágur bylgjur sem safnast saman og mynda þungt suð undir okkur öllum. Tónlistin er svona eins og tré sem vex upp úr þessu suði og maður finnur að það er allt á hreyfingu núna. Þetta verður spennandi að sjá.“

Nánari fréttir, fróðleik og tón-dæmi má finna á Facebook síðu aYia og á Spotify.

ALLT FYRIR SUMARIÐ!

Verslunin Curvy býður uppá flottan fatnað í stærðum 14-28 eða 42-56

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Kjöll * Stærðir 14-28
8.990 KR



Toppur * Stærðir 14-28
5.990 KR



Hlýrabolur * Stærðir 14-28
3.290 KR



Leður look leggings * Stærðir 16-26
4.990 KR



Háar gallabuxur * Stærðir 14-26
7.990 KR



Leggings * Stærðir 14-24
4.990 KR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
OPIÐ FRÁ KL. 11-18 ALLA VIRKA DAGA OG FRÁ KL. 11-16 Á LAUGARDÖGUM

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Hamborgara er hægt að gera á margvislegan hátt.

Asískur hamborgari

Það er hægt að nýta hamborgara-brauð undir fleira en hefðbundinn hamborgara. Mjög gott er að setja vel kryddaðan svínahnakka í brauðið ásamt grænmeti. Uppskriftin miðast við fjóra og hún hefur yfir sér asískan blæ.

800 g svínahnakki
4 hamborgarabrauð
Salatblöð

Marinering

1 ½ msk. chili-duft
2 msk. sojasósa
2 msk. púðursykur
2 msk. sesamolía
2 msk. fint skorinn hvítlaukur
4 msk. hrísgrjónaedik
2 msk. olía til steikingar

Dressing

1 ½ dl hoisinsósa
2 msk. sojasósa
Safi úr einni limónu
2 msk. smátt skorið ferskt kóriander
1 rauður chili, fræhreinsaður og skorinn smátt
2 tsk. rifinn ferskur engifer
Skerið kjötið niður í þunnar sneidar. Leggið kjötið í plastpoka. Blandið saman efninu í marinerunguna og setjið í pokann. Látið kjötið marinerast í 30 mínútur. Hrærið öllu saman sem á að fara í dressinguna og látið standa í klukkustund. Grillið kjötið í 2-3 mínútur á hvorri hlið á útigrilli. Má steikja á pönnu ef ekkert grill er á staðnum. Hitið hamborgarabrauðin. Setjið salatblað á hamborgarabrauð, svínakjöt og gjarnan grillað grænmeti ofan á. Dressingin fer þar yfir. Stráid kóriander yfir.

Útlendingastofnun auglýsir tvö ný störf laus til umsóknar:

Mannauðsstjóri

Sviðsstjóri móttökumiðstöðvar

Nánari upplýsingar um störfina eru á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Sérfræðingur í Útlánagreiningu

Deildin er hluti af Útlánaáhættu og eiginfjárförf á Áhættustýringarsviði bankans. Útlánagreining annast greiningar og skýrslugjöf um útlánaáhættu bankans og miðlar upplýsingum til stjórnenda og eftirlitsaðila. Markmið deildarinnar er að bæta áhættumenningu bankans með stuðningi við hönnun á betri útlánaferlum, öflugri fræðslu og skilvirkri upplýsingaflæði um stöðu og þróun útlánasafnsins.

Helstu verkefni

- » Greining á útlánaáhættu og eiginfjárförf
- » Fræðsla og stuðningur við viðskiptaeyningar við mat og greiningu á útlánaáhættu
- » Notkun og þróun líkana við mat á útlánaáhættu og í sviðsmyndagreiningum
- » Virðisamat útlána
- » Skýrslugjöf til eftirlitsaðila

Hæfni og menntun

- » Háskólamenntun í raungreiningum, verkfræði, tölvunarfræði, fjármálum eða sambærilegu
- » Reynsla af gagnagrunnsfyrirspurnum og skýrslugerð
- » Framúrskarandi greiningarhæfni
- » Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- » Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- » Þekking á SAS er kostur

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Páll Guðmundsson, deildarstjóri Útlánagreiningar í síma 410 5221 eða með tölvupósti á pall.gudmundsson@landsbankinn.is og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri í síma 410 7907 eða með tölvupósti á bergthora.sigurdardottir@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Útlánagreiningu“ fyllist út á vef bankans landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2017.



Jafnlaunaúttekt
PwC

Upplýsingatækni - áhugaverð tækifæri

- Vefforritun og vefþróun
- Kerfisrekstur

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Gjaldkeri - Bókari

Virt sölu- og þjónustufyrirtæki á sviði tæknilausna leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf gjaldkera - bókara.

Starfssvið

- Umsjón með bókhaldi og undirbúningur fyrir endurskoðun
- Umsjón með mánaðarreikningum og innheimta
- Umsjón með launaútreikningum og launagreiðslum
- Gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Framsetning fjármálaupplýsinga
- Gerð rekstraruppgjöra

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskiptafræði eða sambærilegt nám kostur
- Reynsla af bókun og uppgjörum nauðsynleg
- Þekking og færni á Excel nauðsynleg
- Frumkvæði, kraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður til að skila góðu starfi í lifandi umhverfi.

Er vandvirkni þinn kostur?

Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 10. júlí 2017.
Umsóknum, með góðri ferilskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

svaR)

SÍÐUMÚLA 35 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA

Hlutverk Póstsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna. Framtíðarsýn Íslandspósts er að fyrirtækið verði nýjunga- og tæknidrifnið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.

Deildarstjóri fyrirtækjaafgreiðslu

Pósturinn í Reykjavík óskar eftir að ráða í stöðu deildarstjóra til að sjá um rekstur fyrirtækjaafgreiðslu fyrirtækisins. Afgreiðslan er 10 manna deild sem er staðsett í Póstmiðstöð Íslandspósts og sinnir þjónustu við stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins.

Starfssvið

- Almennur rekstur afgreiðslunnar, áætlanafgerð, starfsmannamál o.fl.
- Skipulag vinnuferla og þróun þeirra
- Skipulag og eftirlit með að viðskiptafærslur séu réttar og afstemmdar
- Þátttaka í ýmsum þróunarverkefnum Póstsins

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, reksturs eða menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvu og bókhaldskunnátta er mikilvæg
- Góð tungumálakunnátta
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar veitir Kjartan Flosason í síma 580 1000 eða í netfanginu kjartan@postur.is



Pósturinn hlaut Gullmerki jafnlaunamatsektar PwC árið 2016. Pósturinn leggur mikla áherslu á jafna stöðu kynjanna og er það mikilvæg staðfesting á því að vel sé staðið að jafnréttismálum hjá fyrirtækinu og að mikið sé lagt upp úr því að tryggja að allir fái jöfn tækifæri og eigi þann kost að vaxa og dafna í starfi á eigin verðleikum.

Umsóknarfrestur:
30. júní 2017

Umsóknir:
umsokn.postur.is

Verkefnastjóri

á Rannsóknastofu byggingariðnaðarins
hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Starfsvið

- ▶ Húsbyggingatækni, með áherslu á viðhald, viðgerðir, einangrun og raka
- ▶ Verkefnastjórnun á sviði Rb blaða
- ▶ Yfirferð á gögnum um innflutt hús og meta hvernig þau standast íslenskar aðstæður
- ▶ Vinna með nýstofnuðum Byggingavettvangi í samvinnu við Samtök iðnaðarins, Mannvirkjastofnun, Íbúðalánasjóð og fleiri

Menntunar og hæfniskröfur:

- ▶ Háskólagráða í byggingar-verkfræði/tæknifræði
- ▶ Reynsla og þekking af verkefnum á sviði húsbygginga æskileg
- ▶ Að geta tjáð sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- ▶ Þekking á vistvænum byggingum og umhverfisáhrifum byggingarframkvæmda æskileg
- ▶ Sjálfstæði í vinnu og fagleg vinnubrögð

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tæknipróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar á sviði mannvirkja er vaxandi þáttur í starfi okkar.

Upplýsingar um starfseminna er að finna á www.nmi.is

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2017

Umsóknir skulu sendar á netfangið bh@nmi.is, merktar „Rb“. Upplýsingar veita Ólafur H. Wallevik eða Björn Hjartarson í síma 522 9000.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

samskip



> Innheimtufulltrúi

Samskip óska eftir innheimtufulltrúa til starfa í starfsstöð sína í Reykjavík. Meginverksvið innheimtufulltrúa er umsjón með daglegri innheimtu viðskiptakrafna, færslu innborgana, afstemmingu, frágangi og eftirfylgni innheimtu sem og að svara fyrirspurnum viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innheimtustörfum æskileg
- Góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Góð enskukunnátta bæði í tali og riti
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí n.k.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu okkar www.samskip.is og eru umsækjendur beðnir um að skila inn ferilskrá ásamt greinagóðu kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar veitir Björk Ágústsdóttir innheimtustjóri í bjork.agustsdottir@samskip.is

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.



ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.

ÍAV óskar eftir verkefnastjóra

ÍAV Marti Búrfell leitar að öflugum verkefnastjóra sem hefur reynslu af verkstýringu í jarðvinnu.

Starfið er við stækkun Búrfellsvirkjunar og er æskilegt að starfsmaðurinn búi yfir reynslu af viðlíka störfum.

Starfssvið

- Áætlanagerð og framkvæmd við jarðvinnu við Búrfell.
- Verkstýring á mannskap

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Hæfni í verkstýringu
- Vottun í verkefnastjórnun eða MPM nám er kostur
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni í að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst en umsókn skal skila inná vef ÍAV, www.iav.is, fyrir 7. júlí næstkomandi.

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Magni Helgason, mannaútskjórnari í síma 530-4200.



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is



Við breytum vilja í verk



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Bílastæðasjóður - Sérfræðingur

Bílastæðasjóður óskar eftir að ráða lausnamiðaðan og árangursdrifinn einstakling í starf sérfræðings. Viðkomandi sérfræðingur starfar undir stjórn framkvæmdastjóra og er staðgengill hans.

Helstu verkefni:

- Umsjón með rekstrartengdum verkefnum undir stjórn framkvæmdastjóra.
- Ábyrgð á innkaupamálum.
- Samningagerð og samþykkt reikninga.
- Starfsmannatengd málefni s.s. utanhald og eftirfylgni með tímaskráningu starfsmanna (Vinnustund).
- Er þátttakandi í verkefnum er tengjast þróun og notkun upplýsingatækni og hefur með höndum verkstjórn og utanhald þeirra mála fyrir hönd Bílastæðasjóðs.
- Ráðgjöf, samskipti og samráð við íbúa og hagsmunaaðila, ráðgjafa og stofnanir, nefndir og ráð er varða ýmis málefni sem falla undir Bílastæðasjóð.
- Þróun greiðslumöguleika.
- Þátttaka í teymum vegna bílastæða- og samgöngumála.
- Umsjón með hönnunar- og auglýsingamálum.
- Verkefnastjórn sérverkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og rekstrar eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun kostur.
- Stjórnunarreynsla og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Mjög viðtæk tölvukunnátta og þekking á rafrænum lausnum og tengdum búnaði.
- Samskiptahæfni og forystu- og skipulagshæfileikar.
- Þekking á stjórnsýslulögum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð færni í íslensku og ensku og færni til að setja fram ritað mál fyrir stjórnsýslu borgarinnar.
- Þjónustulund, metnaður og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi og Reykjavíkurborgar. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs í tölvupósti kolbrun.jonatansdottir@reykjavik.is

Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flípanum „Störf í boði“ „Sérfræðingur hjá Bílastæðasjóði“.

Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2017.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólstarfi?

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum?

Laus störf frá 1. ágúst 2017

- **Deildarstjóri óskast í stjórnendateymi skólans**
Meginverkefni viðkomandi er þátttaka í þriggja manna stjórnunarteymi í Höfðabergi með ábyrgð á faglegu starfi grunnskólahlutans. Viðkomandi er jafnframt hluti af stjórnendateymi skólans.
- **Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi**
- **Afleysing í umsjónarkennslu á yngsta stigi til 1. mars 2018 vegna fæðingarorlofs**
- **Proskapjálfi, 50 – 100% starfshlutfall**

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélagi.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólustjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir, með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Umsóknarfrestur um störfin er til 30. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Arctic Adventures er stærsta afþreyingarfyrirtæki landsins með starfsstöðvar vítt og breitt um landið. Arctic Adventures hefur vaxið mikið á síðustu árum og því leitum við að öflugum leiðtoga til að halda utan um öll mannauðsmál fyrirtækisins.

Við viljum orkumikinn og þjónustulipran aðila með brennandi áhuga á ferðaþjónustu og getu til að byggja upp sterka liðsheid. Framkvæmdastjóri situr í framkvæmdastjórn og heyrir starfið beint undir forstjóra fyrirtækisins.

Starfið felur meðal annars í sér:

- Þróun og innleiðing á mannauðsmálum fyrirtækisins
- Umsjón með ráðningum, starfsþróun- og fræðslumálum
- Þróun á vinnustaðamenningu, starfsanda og innri samskiptum
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Skipulagning starfsmannaviðburða og önnur tilfallandi verkefni á sviði mannauðsmála

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem - sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí nk.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála mjög æskileg
- Þekking á uppbyggingu mannauðsmála skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og kraftur til að hrinda hlutum í framkvæmd





COSTCO[®]

WHOLESALE

Erum að ráða Störf hjá Costco

Við leggjum áherslu á
jafnrétti á vinnustað

Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

- Spennandi starfstækifæri
- Starfsþróun
- Vingjarnlegt og stuðningsríkt starfsumhverfi
- Starfsöryggi
- Vinnustaður sem virðir lög og siðferði

Ef þú ert metnaðarfullur og drífandi einstaklingur, sem nýtur þess að vera hluti af liðsheild í krefjandi vinnuumhverfi með fjölda áskorana og tækifæra, er Costco rétti staðurinn fyrir þig. Árangursdrifið starfsfólk okkar er með ríka þjónustulund og tekur heiðarlegan og ábyrgan þátt í að ná sameiginlegum markmiðum okkar, um að ná afburða frammistöðu í hvívetna. Costco býður fjölbreytt störf, sanngjörn laun og ánægjulegan vinnustað.

Vöruframsetning er kjarnaatriði hjá Costco og þungamiðja fyrirtæksins er rekstur vöruhúsanna. Flestir starfsmenn hefja feril sinn í vöruhúsinu og verða smám saman sérfróðir um gildi vöruframsetningar og reksturinn í heild sinni. Costco er ávallt mjög í mun að viðurkenna vel unnin störf og umbuna starfsfólki sínu fyrir starf þeirra og trygglyndi.

Meirihluti yfirstjórnarinnar hefur hlotið framgang innan fyrirtækisins. Fjölmargir verslunarstjórar okkar og framkvæmdastjórar röðuðu áður fyrr í hillur, aðstoðuðu við kassana eða voru í afgreiðslustörfum. Við trúum því að framkvæmdastjórn framtíðarinnar sé nú starfandi í vöruhúsum okkar.

Starfsmöguleikar í vöruhúsi okkar:

Starfsmaður á kassa	Starfsmaður í apóteki	Starfsmaður í hjólbarðapjónustu
Starfsmaður á lyftara	Starfsmaður í kjötdeild	Starfsmaður á þjónustuborð
Starfsmaður í bakarí	Starfsmaður í áfyllingar	Starfsmaður í vörumóttöku

Lista yfir öll störf og nánari upplýsingar má nálgast á www.costco.is/recruitment



Móttaka, flokkun og akstur

Efnamóttakan leitar að liðsauka við móttöku og flokkun og einnig við akstur söfnunarbíls. Leitað er eftir duglegum og hraustum einstaklingum, konum jafnt sem körlum, sem rekast vel í hópi og hafa góða þjónustulund.

» Helstu verkefni

Helstu verkefni Efnamóttökunnar eru að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá fyrirtækjum og einstaklingum og ganga frá þeim til endurvinnslu eða förgunar. Starfsstöð Efnamóttökunnar er að Berghelli 1 í Hafnarfirði og hjá henni starfa að jafnaði 15 manns.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um. Fastur vinnutími er frá 7:30 til 17:10 alla virka daga og byrjunarlaun eru að lágmarki 380.000 kr. Betri kjör eru í boði ef viðkomandi hefur lyftararéttindi, meirapróf eða önnur réttindi eða reynslu sem koma til góða í starfinu. Laun munu síðan hækka samhliða aukinni færni í starfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Jón H. Steingrímsson, framkvæmdastjóri og Grétar Viðar Grétarsson, verkstjóri, í síma 559-2200.



Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Ert þú frumlegur og framsýnn

Íslenskukennari?

Um er að ræða stöðu við stúdentsbrautina K2 auk afleysingakennslu við Tæknimenntaskólann.

Umsóknarfrestur er til 27. júní 2017. Umsóknir berist til Þórs Pálssonar aðstoðarskólameistara thp@tskoli.is. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugrein, sbr. lög nr. 87/2008, og hreint sakavottorð eru skilyrði ráðningar.



[Instagram](https://www.instagram.com/tskoli) [Facebook](https://www.facebook.com/tskoli) • www.tskoli.is

IDEX

Bókari - launafulltrúi
Idex ehf og Idex gluggar ehf óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf.


Starfssvið:

- Öll almenn bókhalds, innheimtu, toll- og launavinnsla.
- Samskipti við stjórnendur og endurkoðanda fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Góð og haldbær þekking á bókhaldi, innheimtu, tollskjalagerð og launavinnslu.
- Rík þjónustulund og framúrskarandi mannleg samskipti.
- Metnaður til að skila góðri vinnu.
- Nákvæmni og hugkvæmni.
- Reynsla í skilum uppgjörs til endurskoðanda er skilyrði.

Umsóknum skal skilað með tölvupósti til idx@idex.is



BÍLALEIGA ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

Bílaleiga með starfstöð á Keflavíkurflugvelli óskar eftir að ráða starfsmann.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta (vald á öðrum tungumálum kostur)
- Almenn tölvukunnátta og bílpróf

Umsóknarfrestur er til 10. júlí nk.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið go@goiceland.com



GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum, skilyrði er að þeir séu 20 ára eða eldri.

Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.



Teymisstjóri á skráningarsviði

Auglýst er laust starf teymisstjóra í teymi klínískra lyfjarannsóknanna til afleysinga. Um er að ræða tímabundið starf í a.m.k. eitt ár. Leitað er að öflugum einstaklingi sem reiðubúinn er að vinna fjölbreytt og krefjandi starf. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni:

- Stjórnun teymisins
- Mat á öryggis- og fræðsluefni lyfja
- Mat á umsóknum um klínískar lyfjarannsóknir
- Mat á umsóknum um lausasöluheimildir lyfja
- Ráðgjöf og vinna við klínískan gagnagrunn lyfja
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lyfjafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Menntun eða reynsla í klínískri lyfjafræði er æskileg
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð tölvufærni
- Skipulagshæfni
- Nákvæmni og samvirkusemi
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Sérfræðingur á skráningarsviði

Auglýst er laust starf sérfræðings í teymi klínískra lyfjarannsóknanna. Leitað er að öflugum einstaklingi sem reiðubúinn er að vinna fjölbreytt og krefjandi starf. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni:

- Mat á öryggis- og fræðsluefni lyfja
- Mat á umsóknum um klínískar lyfjarannsóknir
- Mat á umsóknum um lausasöluheimildir lyfja
- Ráðgjöf og vinna við klínískan gagnagrunn lyfja
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lyfjafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Menntun eða reynsla í klínískri lyfjafræði er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð tölvufærni
- Nákvæmni og samvirkusemi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni

Sérfræðingar á skráningarsviði

Auglýst eru laus tvö störf sérfræðinga í gæðamatsteymi. Leitað er að öflugum einstaklingum sem reiðubúin eru að vinna krefjandi og áhugaverð störf. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni:

- Mat á efna- og lyfjafræðilegum gögnum (Module 3) vegna skráninga lyfja
- Náin samvinna við aðrar lyfjastofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu
- Þverfagleg teymisvinna innan Lyfjastofnunar á mismunandi sviðum
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lyfja-, efna- eða lífefnafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Doktorspróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Haldgóð þekking á tölfræði er æskileg
- Reynsla af mati á aðgengisrannsóknnum er æskileg
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvufærni
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli
- Skipulagshæfni
- Nákvæmni, samvirkusemi og ögun í vinnubrögðum
- Geta til að vinna undir álagi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um störf eru á heimasíðu Lyfjastofnunar: https://www.lyfjastofnun.is/Lyfjastofnun/Storf_i_bodi/ | Umsóknarfrestur allra starfanna er til og með 16. júlí 2017.

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna annast klínískra hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar

Meðal rannsókna má nefna Heilsurannsókn ÍE (www.heilsurannsokn.is) sem er viðamikil rannsókn á áhrifum erfða á heilsu þar sem þátttakendur gangast undir ýmsar mælingar og klínísk próf

læknir óskast

Starfslýsing

Læknirinn mun gegna mikilvægu hlutverki við skipulag rannsókna og umsjón klínískra prófa, m.a. áreynsluprófa og svefnmælinga, og veita þátttakendum ráðgjöf varðandi niðurstöður mælinga.

Einnig mun læknirinn taka virkan þátt í gæðamati og þróun rannsókna.

Umsóknir óskast sendar ásamt starfsferilsskrá á netfangið: atvinna@rannsokn.is fyrir 1.júlí 2017.

Frekari upplýsingar veitir: Hrefna Thoroddsen starfsmannastjóri í síma 570 1900

Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af vísindavinnu er kostur

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Svæðisstjóri og fagstjóri lækninga Heilsugæslunni Grafarvogi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Grafarvogi. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhlíða starfi fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2017.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlinustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukni sjálfstæði til að móta starfseminu og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði
- Sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

Hæfnikröfur

- Heimilislæknir
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Svövu K. Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á viðtölum við umsækjendur og á innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Aðrir eiginleikar

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlinustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 3 ára frá og með 1. september 2017 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir: Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 585-1300, svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Taekwondodeild Fram auglýsir eftir dugmiklum einstaklingi til að sinna starfi yfirþjálfara hjá félaginu.

Viðkomandi þjálfari þarf að vera með reynslu, getað verið fyrirmynd iðkenda, vera metnaðarfullur, með hreint sakavottorð og tilbúinn að vinna skv. stefnu deildarinnar. Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á tkdfram@gmail.com fyrir 15. júlí 2017.

Stjórn Taekwondodeildar Fram



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Starf sérfræðings í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Auglýst er laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2017



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið
Skóla- og frístundasvið

Aðstoðarskólastjóri - Breiðholtsskóli

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra í Breiðholtsskóla.

Breiðholtsskóli er heildstæður grunnskóli í neðra Breiðholti með um 400 nemendur í 1.-10. bekk. Breiðholtsskóli er fjölmenninngarlegur skóli þar sem virðing er borin fyrir ólíkum hæfileikum og komið til móts við þarfir nemenda. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, list- og verkgreinar, samþættingu bóknámsgreina og upplýsingamenntar á öllum stigum. Kennarar vinna saman í teyrum í tilteknum árgöngum og fögum. Unnið er eftir PBS kerfinu um stuðning við jákvæða hegðun og kjörorð skólans er *Árangur fyrir alla*. Breiðholtsskóli tekur þátt í verkefnum *Heilsueflandi Breiðholt* og *Læsi allra mál* ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Breiðholti. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem fékk samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2017 fyrir fjölmenninngarháttíð í hverfinu og gott samstarf er við félagsmiðstöðina Bakkann og frístundaheimilið Bakkasel.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Að leiða faglega forystu í skólanámskrárvinnu og skólaþróunarverkefnum.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastóra.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

Hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Reynsla af faglegrri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsókn fylgi kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, auk annarra gagna er málið varðar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2017. **Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveit- arfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Sturlaugsdóttir, starfandi skólastjóri, sími 411-1111.

Netfang: guðlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

VIKING LIFE SAVING EQUIPMENT Á ÍSLANDI

Óskar eftir að ráða starfsmann á skoðunarsvið fyrirtækisins.

Við óskum eftir nákvæmum, skipulögðum, heilsuhausnum og jákvæðum einstaklingum til starfa hjá traustu fyrirtæki.

Áhugi á björgunarmálum til sjós ásamt ensku- og tölvukunnáttu er kostur.

Nákvæm vinnubrögð og handlægni er skilyrði fyrir störfunum,
**Umsóknir ásamt ferilsskrá skal senda á vhj@viking-life.com
eigi síðar en 6.júlí 2017.**

Sparisjóður Höfðhverfinga á Akureyri leitar að þjónustufulltrúa

Þjónustufulltrúi einstaklinga og fyrirtækja

Helstu verkefni:

- ✓ Veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna lántöku og annarrar þjónustu sem sparisjóðurinn veitir
- ✓ Mat á lánsbeiðnum
- ✓ Skráning og frágangur skjala í tengslum við útlán og veitta þjónustu
- ✓ Áætlanagerð og eftirfylgni þjónustubátta
- ✓ Aðstoða annað starfsfólk sparisjóðsins og leysa af eftir þörfum

Hæfniskröfur

- ✓ Prófi í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýttist í starfi
- ✓ Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- ✓ Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- ✓ Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður 1. janúar 1879 og er elsta starfandi fjármálastofnunin á Íslandi. Sparisjóðurinn er þjónustufyrirtæki á fjármálasviði og veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu. Sparisjóður Höfðhverfinga hefur afgreiðslur á Akureyri og Grenivík.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2017

Nánari upplýsingar:

Jón Ingvi Árnason, sparisjóðsstjóri,
460 9414, joningvi@spsh.is
Umsóknir ásamt ítarlegri ferilsskrá
óskast sendar til joningvi@spsh.is.



SPARISJÓÐUR
Höfðhverfinga
STOFNAÐUR 1879

Sparisjóður Höfðhverfinga | Akureyri og Grenivík | Sími 460 9400 | spsh@spsh.is | www.spsh.is



Vegna góðrar verkefnastöðu leitar fyrirtækið að nýjum liðsmönnum. Leitað er að samviskusömum, áreiðanlegum og harðduglegum einstaklingum:

Faglærður smiður, þar sem hæfniskröfur eru:

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð
Nú er komið að uppskeruhátíð þeirra sem eru að útskrifast. Margt fólk fagnar skólalokum með því að skella sér í útskriftarferð út fyrir landsteinana og safna góðum minningum með samnemendum sínum. Fréttablaðið fékk nokkra einstaklinga til að rifja upp sína útskriftarferð og segja lesendum frá eftirminnilegum atvikum.



Guðný
Hrönn
gudnyhronn@365.is



VIÐ FENGUM LÁNUÐ
INTERRAIL-KORT FRÁ
TVEIMUR VINKONUM
OKKAR, BREYTTUM
MRS. Í MR. OG HÉLDUM
Á VIT ÆVINTÝRANNA.

Kolbeinn Óttarsson Proppé



Ljúft líf í Portúgal...

Lestarævintýri og fineríshótel eftirminnilegt

Kolbeinn Óttarsson Proppé þingmaður

Útskriftarferðin mín var yndisleg í alla staði; öl og ævintýri á Algarve. Við félagarnir, ég og Hafþór Ragnars-son, vorum saman nánast allan tímann – reyndar fyrir utan nóttina þegar ég þurfti að vaka vegna þess að ég fékk heilahristing þegar ég stakk mér í sundlauginu í fyrsta skipti í ferðinni og ekki vildi betur til en svo að það var grunni endi laugarinnar, Haffi nennti nú ekki að sinna því.

Eftirminnilegust er lestarferð okkar félaganna. Aðrir í hópnum höfðu farið í skipulagða ferð til Lissabon og gisti á einhverju fineríshótelu, Silchoro. Við félagarnir töldum slíkt okkur ekki sambodíð, við vildum kynna fólkinu í Portúgal betur. Við fengum lánuð interrail-kort frá tveimur vinkonum okkar, breyttum Mrs. í Mr. og héldum á vit ævintýranna.



Við fórum út á lestarstöð með það fyrir augum að taka lest eitthvert út í buskann. Stöldruðum við á krá og innbyrtum töluvert af þurtvíni, enda í Portúgal. Tókum næstu lest og eftir samskipti við lestarvörð komumst við að því að hún fór til Lissabon. Þangað komum við undir morgun, þreyttir og slæptir. Við tók barátta við leigubilstjóra, en að lokum fengum við inni á hóteli sem tók kreditkort, sem var nauðsynlegt vegna fjárhagsstöðu okkar. Það reyndist þá vera umrætt fineríshótel, Silchoro. Rándýrt og fínt, þannig að við höfðum bara efni á einni nótt, en henni eyddum við á herberginu að horfa á Terminator 1 og 2. Portúgólsku þjóðinni kynntumst við ekki betur en þetta.

Það leit skynsamlega út að velja frekar starf á togara

Magnús Helgason rithöfundur

Ég fór í Menntaskólann á Akureyri og þar er sterk hefð fyrir því að þriðji bekkur fari í útskriftarferð. Við vorum dugleg að selja alls konar varning og tókum okkur til og týndum rusl á Akureyri fyrir áheiti.

Svo þegar komið var að því að fara til Cancun í Mexíkó fékk ég óvænt pláss á togara og ákvað að þiggja það í staðinn fyrir að fara í ferðina. Þótt það hafi kannski lítið skynsamlega út á þeim tíma þá myndi ég glaður spóla til baka og ákveða að fara frekar í ferðina.

Það er hefð fyrir því í MA að afmælisárgangar hittist á 16. júní ár hvert. Í hvert skipti sem við höldum upp á stúdentsafmælið okkar eru meðal annars rifjaðar upp minningar úr ferðinni sem ég fór ekki í.

Ég ráðlegg engum að sleppa útskriftarferð vegna vinnu, við eigum hvort sem er eftir að vinna það sem eftir er ævinnar. Ungt fólk á að njóta þess að vera án skuldbindinga. Ég hugsa að ég hefði frekar átt að berjast við feitan kreditkortareikning og fá minningar úr ferðinni í staðinn. Það er um að gera að vera örliðið kærulaus stundum, við höfum öll gott af því.



Jennifer Aniston og Brad Pitt voru á eyjunni



Hugrún Halldórsdóttir fjölmiðlakona

Ég fór í útskriftarferð til Krítar með Menntaskólanum í Kópavogi sumarið 2003, rétt áður en útskriftarárið hófst. Ferðin byrjaði strax skrautlega þar sem ferðaskrifstofan bauð afslátt ef borgað var með kreditkorti. Þannig eignuðumst við mörg okkar fyrsta VISA kort og fórum út með dýpri vasa en við áttum að venjast.

Vinahópurinn minn var grand á því, framlengdi ferðina um viku og áttum við því þrjár ljúfar vikur úti þar sem eina vandamálið var að rífa sig nægilega snemma á fætur eftir partístand næturinnar til að ná vænum tíma í sólinni. Það var algjör nauðsyn þar sem brúkan var á þessum tíma marktæk mæling á það hversu vel ferðin heppnaðist. Við gerðum þó okkar besta til að vera menningarleg og borðuðum himneskan grískan mat, drukkum líkjörinn Ouzo, þjóðardrykk Grikkja, eftir hvert mál og ferðuðumst til höfuðborgarinnar Aþenu.

Hópurinn fór líka til eldfjallaeyjunnar Santorini, sem er paradís á jörðu. 18 ára Hugrún var þó ekki alveg að einbeita



sér að því sem skipti máli. Hún var upptekin við að rölja um króka og kima og horfa gaumgæfilega á fólk, fram hjá sólgleraugum og höttum. Leikararnir

Jennifer Aniston og Brad Pitt voru nefnilega líka á eyjunni og náðu að stela þrumunni án þess að láta sjá sig. Santorini er því enn á „bucket-listanum“, mínum, sem er alls ekki slæmt þar sem ég gæti alveg hugsað mér að endurtaka leikinn og lifa þessu góða gríska lífi aftur.



ÞANNIG EIGNUÐUMST VIÐ
MÖRG OKKAR FYRSTA VISA
KORT OG FÓRUM ÚT MED
DÝPRI VASA EN VIÐ ÁTTUM
AÐ VENJAST.

Eignaðist aldrei Blues Brothers hattinn

Ævar Þór Benediktsson leikari og rithöfundur

Ég fór í útskriftarferð með MA sumarið 2003 til Salou á Spáni. Síðasta daginn ákvað ég og félagi minn, Haukur Sigurðarson, að vakna eldsnemma og taka lestina til Barcelona þar sem ég hafði bitíð það í mig að vilja kaupa Blues Brothers hatt í frá-þærri hattabúð sem leyndist þar. Lestarferðin tók 90 mínútur, leitin að búðinni enn lengri tíma og loksins þegar við fundum hana var komin siesta og búðin lokuð. Þar sem flugið okkar heim var um kvöldið gátum við ekki beðið og tókum þess vegna lestina aftur til baka, en þar sem við höfðum vaknað svona snemma



vorum við auðvitað þreyttir og enduðum á því að steinsofna báðir.

Þegar við vöknudum könnuðumst við ekkert við okkur, vorum umkringdir fjöllum sem við höfðum bara séð úr fjarlægð áður og þegar lestin stoppaði loks kom í ljós að við vorum komnir lengst í burtu frá Salou, eitthvert lengst út í sveit. Eina byggingin á svæðinu var hrörlegur brautarvallur.

Sem betur fer kom lest stuttu seinna sem var á leiðinni aftur til baka, en þá föttuðum við auðvitað að miðinn okkar var útrunninn. Og bara til að gera þetta enn meira spennandi kom lestarvörður um borð. Við rétt sluppum.

Ferðuðust um á ónýtum hjólum

Jóna Sólveig Elínardóttir þingkona

Undir lok frönsku-námsins í HÍ fór ég í snemmbúna útskriftarferð með frábærum hópi til fyrirverandi nýlenduríkis Frakká, Túnis. Við vorum svo heppin að Gérard Lemarquis tók að sér að vera leiðsögumaður fyrir hópinn en hann hafði kennt okkur um franska sögu og menningu og þekkir mjög vel til í Norðvestur-Afríku (eða Maghreb eins og Frakkarnir kalla það). Hann skipulagði stórskemmtilega dagskrá en við fórum meðal annars í eyðimerkurferð



á úlföldum, skoðuðum töku-staði Star Wars bíómyndanna, gengum daglangt um Sahara, fórum í skrautlegan hjólreiðaleiðangur þar sem 80% hjólanna, sem frændi eins þjónsins á hótelinu var svo sætur að leigja okkur, reyndust biluð eða ónýtt. Fljótlega eftir að við lögðum af stað byrjuðu dekk, stýri og hnakkar að hrynja af hjólunum. Þar af leiddi að einungis örfáir komust á leiðarenda og voru í þeim hópi nokkrir sem þurftu að bera hjólin sín síðustu nokkur hundruð metrana. Ég hugsa að innfæddir, sem við mættum á sandstígnum sem við þjónuðumst áfram um, hafi ekkert skilið í okkur að vera



FLJÓTLEGA EFTIR AÐ VIÐ
LÖGÐUM AF STAÐ BYRJUÐU
DEKK, STÝRI OG HNAKKAR AÐ
HRYNJA AF HJÓLUNUM.

ekki á úlfalda eins og þeir. Minningin af yndislegri, hvítri baðströndinni sem hótelið okkar stóð við, azure-bláum sjónum, pálmatrjánunum, dansi, söng og mikilli gleði lifir fersk og ég rifja þessa ferð oft upp. Ég fer þangað aftur við fyrsta tækifæri!

PHILIPS
RYKSUGA

PowerLife
Eco
Range

20%



VERD ÁÐUR...16.995
TILBOD13.595

ÍSLENSKA
PÖNNNUKÖKUPANNAN



ÞESSI
EINA
SANNNA

VERD ÁÐUR... 10.995
TILBOD8.995

OHB
SMOOTHIE
TWISTER



25%

VERD ÁÐUR... 7.995
TILBOD 5.995

OBH BRAUÐRIST MANHATTAN

20%

STÁL
TVEGGJA
SNEIDA



VERD ÁÐUR... 4.995
TILBOD 3.995

KORONA TÖFRASPROTI

20%

450W



VERD ÁÐUR... 6.995
TILBOD 5.595

HELGARSPRENGJA 20-50% AFSL.

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

SOEHNLE
FERÐATÖSKUVOG

50%



VERD ÁÐUR...4.995
TILBOD2.495

EMSA
KAFFIKANNA
SAMBA 1L



53%

VERD ÁÐUR... 6.495
TILBOD 2.995

WUSTHOF HNÍFASETT

7 STK SETT MEÐ
SKÆRUM



33%

VERD ÁÐUR...29.995
TILBOD 19.995

KUCHENPROFI
ELDHÚSVOG
MEÐ SKÁL



40%

VERD ÁÐUR... 4.995
TILBOD 2.995

BOHEMIA BJÓRGLÖS



50%

2 STK 550 ML

VERD ÁÐUR... 1.995
TILBOD995

RUSSELL HOBBS
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN

COMPACT 38sm² grillflötur

VERD ÁÐUR...13.995
TILBOD8.995



35%

Allt að
42%
minni fita

CHAR-BROIL
GASGRILL
BIG EASY

GRILL
ROASTER
REYKOFN



27%

VERD ÁÐUR...54.995
TILBOD39.995

KUCHENPROFI
KJÚKLINGA
STANDUR



30%

VERD ÁÐUR... 6.995
TILBOD 4.895

FRANCIS FRANCIS
ESPRESSOVÉL X.1



30%

VERD ÁÐUR...99.995
TILBOD69.995

DANTAX
ÖRBYLGJUOFN

25%

VERD ÁÐUR...24.995
TILBOD 18.745



28 LÍTRAR MEÐ GRILLI

CHAR-BROIL
GASGRILL
BIG EASY

PIZZASTEINN Í GRIND

38x35,5cm



30%

VERD ÁÐUR...5.995
TILBOD4.195

ESPRO
FERÐA
PRESSU
KANNA



22%

KYNNINGAR
AFSLÁTTUR

VERD ÁÐUR...8.995
TILBOD6.995



Char-Broil

GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ

Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!

TRU-Infrared er byltingarkennd nýjung sem tryggir jafnari hitadreifingu, útilokar að eldur logi upp yfir grindurnar og notar minna gas.



31%

2ja brennara:
• 2 brennara 6,2kw/klst
• Grillflötur: 47x47 cm
• HxBxD: 113x118x55

FULLT VERD 79.995
TILBOD 54.995



23%

3ja brennara:
• 3 brennara 8,8kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 67x47 cm
• HxBxD: 116x139x55

FULLT VERD ... 109.995
TILBOD 84.995



4ja brennara:
• 4 brennara 11,7kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 79x47 cm
• HxBxD: 120x150x55

FULLT VERD ... 139.995
TILBOD 119.995

Sögusagnir eða granítharður sannleikur

Cristiano Ronaldo, besti knattspyrnumaður heims um þessar mundir, mun mæta fyrir rétt á Spáni þann 31. júlí í tengslum við grunað skattaundanskot sitt. Sagt er að Ronaldo vilji fara frá Real Madrid en flestir eru á því að hann sé aðeins að nota félagið til þess að setja pressu á spænsk yfirvöld.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Síðasta ár hefur verið viðburðaríkt hjá Cristiano Ronaldo. Hann hefur unnið Meistaradeildina tvisvar, Evrópukeppnina í Frakklandi, verið kosinn bestur í heimi, unnið spænsku deildina og fleira og fleira. Trúlega þyrfti auka blaðsíðu bara til að telja upp afrek hans undanfarið ár. Hann eignaðist meira að segja skyndilega tvíbura með aðstoð staðgöngumóður, er hæst launaði íþróttamaðurinn á plánetunni jörð og lifið leikur svo sannarlega við hann. En þá komu fréttir um að hann hefði skotið 13 milljónum punda undan skattinum á Spáni og það er ólöglegt. Þá þurfa menn nefnilega að svara til saka eins og Lionel Messi þurfti að gera.

Ronaldo var ekki sáttur og eins skyndilega og tvíbúarnir hans fæddust þá fóru að birtast fréttir um að Ronaldo vildi fara frá Real Madrid. Fyrst var það aðeins í gulu pressunni en síðan fóru stóru miðlarnir að birta fréttir um að hann væri virkilega óánægður og vildi komast burt. Þegar svo sjálfur Íþróttastjóri BBC, Dan Roan, fór að skrifa frétt um að Ronaldo vildi fara var ljóst að orðrómurinn væri eitt hvað meira en bara gott slúður úr heitu pottinum í Laugardalnum.

Ronaldo hefur unnið Meistaradeildina í Þrígang og La Liga, spænsku deildina, tvisvar með Real Madrid síðan hann kom til félagsins árið 2009 fyrir um 80 milljónir punda. BBC sagði í frétt sinni að ráðgjafar Ronaldo muni ráðleggja honum að halda sér í Evrópu og eru þá tvö félög helst

nefnd til sögunnar; Paris St-Germain eða að snúa aftur í ensku úrvalsdeildina og klæðast hinna rauðu treyju Manchester United á ný.

Florentino Pérez, sem á dögnum var endurkjörinn forseti Real Madrid til ársins 2021, sagði í vikunni að hann væri ekki einu sinni að ihuga að selja Ronaldo. „Ég þekki Cristiano. Hann er frábær strákur og fullkominn atvinnumaður. Allt þetta mál er mjög skrítið,“ sagði Pérez í viðtali við útvarpsstöðina Onda Cero. „Ég hef ekki talað við Ronaldo síðan eftir úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Allt sem ég hef heyrt er í gegnum fréttirnar.“

Hvorki ég né nokkur annar tengdur Real Madrid er einu sinni að ihuga það að Ronaldo gæti yfirgefið félagið. Við erum alveg slakir yfir þessu öllu. Ég hef ekki talað við neitt annað félag og okkur hefur ekki borist tilboð í hann.“ sagði forsetinn spöskur.

Samkvæmt Pete Jensson, blaðamanni sem búsettur er í Madrid og skrifar fyrir BBC, mun spænska stórveldið þó ekki standa í vegi fyrir Ronaldo. Munu þeir horfa til framtíðar og kaupa Kylian Mbappe frá Mónakó í staðinn.

„Ronaldo hefur áður beðið um að fara. Árið 2012 fannst honum stjórnarmenn félagsins ekki sýna sér nægilegan stuðning,“ skrifaði Jensson og benti á að ekkert lið sé að fara punga út þeim 874 milljónum punda sem duga til að rifta samningi hans við Real Madrid. Þá á hann eftir að fá öll launin sín sem nema um 600 þúsund pundum á viku. Það gera um 78 milljónir í hverri einustu viku, en þess má geta að í maí birtist frétt um að Hringurinn hefði



styrkt barnaspítalann um 78 milljónir frá áramótum.

Íslandsvinurinn og fyrrverandi forseti Real Madrid, Ramon Calderon, maðurinn sem keypti Ronaldo til félagsins, benti á í vikunni að sé leikmaður búinn að ákveða að fara þá sé erfitt að breyta þeirri ákvörðun hans. „Þetta er svipuð stada og kom upp þegar hann vildi fara frá Manchester United. Hann frestaði því um eitt ár því Sir Alex Ferguson var eins og faðir í hans augum. Hann elskaði félagið, stuðningsmennina, borgina og ég útiloka ekki að hann snúi aftur. Auðvitað vona ég að hann vilji vera áfram hjá Real en ef hann er búinn að ákveða sig þá verður erfitt að breyta því.“

Hvort sem þetta er orðrómur eða granítharður sannleikur er ljóst að ákveði Ronaldo að skipta um lið yrðu það ein stærstu félagsskipti allra tíma í íþróttahæiminum. En á meðan hann spriklar með Portúgal í Álfukeppninni og hefur ekki sagt stakt orð um vistaskiptin er þetta enn bara orðrómur, hvort sem BBC skrifar um hann eða ekki. Og á meðan svo er, er hann leikmaður Real Madrid.

Sjö ára fangelsi?

BBC segir að ástæðuna fyrir aðgerðum saksóknara nú megi rekja til svokallaðrar Beckham-löggjafar sem komið var á árið 2003 þegar David Beckham gekk til liðs við Real Madrid. Var erlendum leikmönnum á Spáni þá gert að greiða helmingi minni skatt en innfæddum. Þau lög voru hins vegar afnumin árið 2010 og í kjölfarið hafa rannsakendur komist á snóðir um aflandsfélög sem leikmenn og umboðsmenn þeirra nota til þess að komast hjá því að greiða skatt.

Fæstar knattspyrnustjórnur sem hafa verið ákærðar og jafnvel sakfelldar munu þó þurfa að sitja inni fyrir brot sín. Á Spáni gildir hin óskráða regla að fangelsisdómar undir tveimur árum séu skilorðsbundnir. Hins vegar er aðra sögu að segja um Ronaldo. Þrjú ákæruliðir af fjórum í máli hans bera tveggja ára lágmarksrefsingu. Verði hann því dæmdur sekur fyrir fleiri en einn ákærulið gæti hann þurft að sitja inni í allt að sjö ár.

Nú virðist sem skjólstæðingar umboðsmanns Ronaldo, Jorge Mendes, séu sérstök skotmörk spænskra saksóknara. Hafa meðal annars Pepe, Jose Mourinho, Fabio Coentrao og Falcao einnig verið sakaðir um skattsvik. Falcao hefur sjálfur sagt Mendes aðalsprautuna á bak við skattsvikinn.

Í desember greindu blaðamenn Der Spiegel, El Mundo, Sunday Times og NRC frá því að þeir hefðu undir höndum skjöl sem sýndu fram á að Mendes hefði stungið milljörðum undan skatti fyrir skjólstæðinga sína. Því hefur Mendes þó neitað.



LÖGGJÖF FRÁ 2003 SEM

KENND ER VIÐ DAVID

BECKHAM OG GERÐI ER-

LENDUM LEIKMÖNNUM

KLEIFT AÐ GREIÐA

HELMINGI MINNI SKATT

EN INNFÆDDIR VAR AF-

NUMIN ÁRIÐ 2010.



Fáir ef einhverjir íþróttamenn rífa sig oftár úr að ofan en Ronaldo. NORDICPHOTOS/GETTY



Cristiano Ronaldo með syni sínum Cristiano Ronaldo yngri á frumsýningu myndarinnar Ronaldo.



Oft hefur verið skrifað um kynhneigð Ronaldos en eitt er víst að hann er vinsæll meðal beggia kynja.



365 ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Marapón NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.



TÍMAMÓT



Við sendum innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og stuðning vegna andláts ástkærs eiginmanns,

Óskars Arnarssonar

Álagranda 22, Reykjavík.

Ragnhildur Elin Garðarsdóttir og fjölskylda.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Kristín Björnsdóttir

Ijósmóðir,

lést að hjúkrunarheimilinu Mánateigi, Hrafnistu, miðvikudaginn 21. júní. Útförin verður auglýst síðar.

Ólafur G. Sigurðsson

**Björn Ólafsson Sigurður Ólafsson
Helga Thors Hildur Hafstein
og barnabörn.**



„Ég er eins mikill Vestfirðingur og hægt er að vera, þaðan kemur þrjóskan og seiglan,“ segir Lilja Rafney.

Ekki sjálfgefið að ná fjölskyldunni saman í frí

Vestfirðingurinn Lilja Rafney Magnúsdóttir alþingismaður brá sér úr svalanum á Suðureyri til að fagna sextugsafmælinu í dag undir suðrænni sól með sínum nánustu.

Er að stinga af til Spánar með allri fjölskyldunni. Svo sjáum við til hvernig stuði ég verð í þegar ég kem heim, hvort ég geri eitthvað sniðugt.“ Þannig svarar Lilja Rafney Magnúsdóttir spurningu um hvort hún ætlaði að gera allt vitlaust á Suðureyri í tilefni sextugsafmælisins sem er í dag.

Viðtalið var tekið áður en hún fór. Hún bjóst við að verða smá stund að venjast loftslaginu ytra því svalt hefur verið á Vestfirðum að undanförunu. „Það var eiginlega hlýrra í maí. Hitinn hefur hangið í sex til tíu gráðum síðan en það hafa komið góðir dagar með logni og sól inn á milli,“ lýsir hún.

Fjölskyldan er ekkert að splæsa á sig löngu frí. „Við verðum í viku, það er bara frábært. Við hjónin eigum fjögur börn og þrjú barnabörn og það var ekkert sjálfgefið að ná hópnum saman í ferðalag, það er langt síðan það hefur gerst.“

Eiginmaður Lilju Rafneyjar, Hilmar Gunnarsson, er strandveiðimaður og afmælið hittir á tímabil þar sem hann má ekki róa á sínu svæði en Lilja segir hann hafa náð að landa dagskammtinum snemma morguns síðasta daginn. „Hann slapp við hvassviðri með því að fara á sjóinn upp úr miðnætti eins og aðrir smábátasjómenn hér. Þeir verða að styra eftir veðri og vindum.“



Einar Kári Hilmarsson, Harpa Rún Hilmarsdóttir, Auður Lilja Magnúsdóttir, Lilja Rafney, Hilmar Daði Magnússon, Jófríður Ósk Hilmarsdóttir, Gunnar Freyr Hilmarsson.

Lilja Rafney fæddist á Stað í Súganda-firði og kveðst rekja allar ættir sínar þvers og kruss um svæðið þar í kring. „Ég er eins mikill Vestfirðingur og hægt er að vera, þaðan kemur þrjóskan og seiglan og kannski kaldi húmorinn líka, það er bæði gott og slæmt. Ég gæti varla verið í pólitík nema af því að ég hef húmor fyrir sjálfri mér og get slegið á létta strengi, annars mundi ég deyja úr áhyggjum yfir vandamálum heimsins. En auðvitað verða þingmenn að geta sett sig í spor annarra og hafa samkennd með náungunum, ég reyni eins og ég get að vera almennileg manneskja í þeim efnum.“

Hún kveðst ekkert endilega hafa verið með „þingmanninn í maganum“ þegar hún tók sæti á þingi 2009 þó hún hafi verið ástríðupólitikus frá því hún var ung. „Ég er baráttukerling og stemningsmanneskja og fór snemma að vasast í verkalýðs- og sveitarstjórnarmálum, var formaður verkalýðsfélagsins í Súganda-firði í fjölda ára og varð ung oddviti Suðureyrarhrepps. Með samstöðu íbúanna hefur tekist furðanlega að halda uppi atvinnu í plássinu en fólk hefur þurft að hafa fyrir hlutunum. Það fylgir því að búa í litlu sjávarþorpi.“

gun@frettabladid.is

Meirgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Jón G. Bjarnason,
umsjón útfara

Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts hjartkærrar eiginkonu minnar,

Arndísar Árnadóttur

Skógarseli 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færir fjölskyldan öllum þeim sem komu að aðhlyningu hennar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Arnþór Sigurðsson



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför fósturföður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Sigurvins Péturssonar

Bröttugötu 2, Borgarnesi.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Jakobína S. Stefánsdóttir
Pétur Valgarrð Hannesson
Friðþjófur Th. Ruiz**

**Sverrir Hjaltason
María Erla Guðmundsdóttir
Birna Rúna Ingimarsdóttir**

Fyrstu friðarfulltrúar Íslands útskrifaðir

Útskrift fyrstu friðarfulltrúa Íslands fór fram með viðhöfn í Höfða í gær. Þeir höfðu lokið sumar-námskeiði sem Höfði, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands stóðu að.

Það er gott að fá hugmyndir frá ykkur um það sem við getum gert betur. Þetta sagði Eliza Reid forsetafrú þegar hún tók við skilaboðum til eiginmanns síns frá fyrstu friðarfulltrúum landsins, eins og unglingsarnir voru titlaðir sem útskrifuðst í Höfða, friðarsetri, í gær eftir sumarnámskeið sem Höfði, borgin og HÍ sameinuðust um.

Einnig tóku Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ og Líf Magnedóttir, forseti borgarstjórnar við ábendingum um atriði sem þessir umboðsmenn friðar töldu til bóta. Meðal þess sem þar var á blaði voru hugmyndir um gróðurhús fyrir stúdentu svo fleiri gætu ræktað plöntur og að frímínúturnar í skólum yrðu gerðar lengri.

Áður höfðu Jón Atli og Líf afhent hverju og einu ungmenni heiðurskjal og á eftir var þeim boðið til veislu. Yfir veitingunum voru nokk-

Við fræddumst fullt um frið og náttúruna. Sumt vissi ég ekki áður en ég ætla að muna það.

Sigurborg

ur þeirra spurð hvað hefði staðið upp úr á námskeiðinu. „Að búa til hús og skólagarð úr kössum og spila skotbolta,“ svaraði Martina. „Að skrifa bréf með einni ósk frá hverju fyrir sig,“ svaraði Óli Matti. „Örugglega leikirnir. Ég kynntist fólki sem ég þekkti ekkert áður,“ svaraði Jóhann. „Við lærðum mikið um frið og umhverfið og lékum okkur úti,“ svaraði Tomas. „Við fræddumst fullt um frið og náttúruna. Sumt vissi ég ekki áður en ég ætla að muna það,“ sagði Sigurborg.

Auður Örlygsdóttir var ein leiðbeinenda. „Upphaflega var hugmyndin um sumarbúðir í Viðey, hún þróaðist yfir í friðarnámskeið í Fellaskóla og nágrenni en við fórum út í Viðey í dag,“ lýsir hún og heldur áfram. „Markmiðið er er að efla friðarfræðslu meðal ungs fólks og auka tengsl barna á milli. Við völdum inn börn með alíslenskan bakgrunn yfir í börn sem eiga erlenda foreldra og komu til landsins í vetur. Vonum að öll upplifi sig ríkari af því að skilja aðra menningu en þá sem þau eiga að venjast og læra fleiri tungumál.“

gun@frettabladid.is



Tuttugu og þrjú börn luku friðarnámskeiði, tuttugu þeirra mættu í Höfða í gær og tóku á móti skirteinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Vilhjálmur Árnason
járnsmiður, áður til heimilis að Sólýjarima 3,
lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 22. júní.

Helga Vilhjálmsdóttir **Sigurjón Gunnarsson**
Gunnar Snorri Valdimarsson
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson
Gunnar Ásgeir Sigurjónsson



Ástkær móðir okkar og minn besti vinur,
Anna Ísfold Kolbeinsdóttir
Smáragötu 3, Vestmannaeyjum,
sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 21. júní, verður jarðsöngin frá Landakirkju laugardaginn 1. júlí klukkan 14.00.

Kristín Harpa Halldórsdóttir
Óskar Þór Hauksson
Magnús Þór Magnússon



Elskulegur faðir okkar,
Ásgeir H. Höskuldsson
lést 18. júní á Landspítalanum. Útför fer fram frá Fossvogskirkju 29. júní kl. 15.00.

Heiðar Ásgeirsson
Halldóra E. Ásgeirsdóttir
Emil Ásgeirsson
Kristín Ásgeirsdóttir
Stefan Hagman



Við færum vinum og ættingjum innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Dóru Ottesen Jósafatsdóttir
áður til heimilis að Ljósheimum 6, Reykjavík.

Kærar þakkar færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir elskulegheit og umhyggju.

Erla Haraldsdóttir **Sigurður Einarsson**
Jóna Haraldsdóttir
Thelma Sigurðardóttir **Jón Otti Jónsson**
Hrönn Sigurðardóttir **Haraldur V. Haraldsson**
Margrét Gunnlaugsdóttir **Sigurhans Vignir**
Halldór Gunnlaugsson **Hildur Sveinsdóttir**
og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,

Elin Bøðvarsdóttir

Hjallabraut 1, Hafnarfirði,
lést á líknardeild Landspítalans 19. júní 2017. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. júní kl. 13.00.

Einar Ragnarsson

Sonja Ragnarsdóttir **Sayi Fakolade**
Jónína Fakolade **Birna Rún Eiríksdóttir**
Ebenezer Einarsson **Böðvar Valgeirsson**
Jónína Ebenezerdóttir **Gabriel, Ismael, Nadia, Jayden, Emilia og Manuela**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jónína Ingólfssdóttir
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,
sem lést mánudaginn 12. júní, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 28. júní kl. 13.00.

Inga María Henningsdóttir **Ólafur Sigurjónsson**
Bjarney Sigr. Snævarsdóttir **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Elinborg Salóme Jónsdóttir
húsgagnabólstrari,

lést á heimili sínu aðfaranótt 20. júní. Jarðarför fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 26. júní kl. 13.00.

Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið og Ljósíð.

Hilmar B. Þórarinnsson
Harpa Björk Hilmarsdóttir **Ingólfur Steinar Pálsson**
Birkir Freyr Hilmarsson **Árný Guðjónsdóttir**
Hlynur Snær Hilmarsson
Birta Marín Ingólfssdóttir
Aníta Sól Ingólfssdóttir
Sólvi Hrafn Fannarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét J. Helgadóttir
Norðurvangi 8, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 18. júní á kvennadeild Landspítalans. Útförin fer fram í Víðistaðakirkju, mánudaginn 3. júlí klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið og Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans.

Hjörtur Á. Ingólfsson

Jóhanna Inga Hjartardóttir **Halldór Jörgen Gunnarsson**
Jónas Friðrik Hjartarson **Ólöf Björk Halldórsdóttir**
Hjördís Ósk Hjartardóttir **Baldur Páll Guðmundsson**
ömmubörn og langömmubörn.



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

Kolbrúnar Ólafsdóttir

Grandavegi 47, Reykjavík,
sem lést mánudaginn 29. maí og var jarðsöngin 14. júní sl.

Áslaug Stefánsdóttir **Einar Örn Kristinsson**
Einar Baldvin Stefánsson **Ingibjörg Þórðardóttir**
barnabörn og langömmubörn.



KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

- 1 Leynismatök haftamanna bókfæra netföng (13)
- 11 Með gylltan sekk undir digran sjóð (8)
- 12 Árbók flóðgarðsins leysir höfund úr viðjum teppunnar (13)
- 14 Upplýsi frændgarðinn um forfeðurna (8)
- 15 Er hann með fimm skot og fjórtán lúðra? (11)
- 16 Frá lokaathöfninni að niðurstöðunum (10)
- 20 Leita að húsaskjöli í stað raunveruleika (9)
- 21 Þversögn dugar illa til að þerra vot, en þeim mun betur við þrif (11)
- 22 Asavikuna tel ég ekkert fyrir hálfdrættingana í ruglinu (9)
- 27 Smjals smástráka drepur Lúlla lauk (11)
- 32 Hátiðavísbending fæst innleyst við íbúðarkaup (10)
- 33 Beinum fláræði frá séðum sveinum (7)
- 34 Svona kraftadyngja spýr oft og mikið (12)
- 35 Rek uppsprettu bakka til kelduskjöla (9)
- 36 Hver er gráða hinna ófrjálsu sem hjálpa mér úr stígvélunum? (12)
- 38 Grenndar nálægt gengur veginn/næstum gátan nánast búin/nálgast það að vera snúin (11)
- 43 Aurinn á stikum er uppspretta bölbænanna (12)
- 44 Sé speldi mömmu og verð afar andstuttur (8)
- 45 Illgresi í geymd íslenskra sagna (13)
- 46 Gefum góðskáldum bækur (8)

LÓÐRÉTT

- 2 Óttast afleiðingar þessarar keppni (9)
- 3 Sá gekk að Töfuhamri þótt í uppnámi væri og lélegur til gangs (9)
- 4 Fólkíð sem snúid var frá varð fúlt (7)
- 5 Veltum risaveldinu uppúr eigin skyndibitum (10)
- 6 Mín er lækningin eftir að ég fékk nýjan útlím (10)
- 7 Hékk yfir þessu lokahófi (6)
- 8 Nú skaltu forvitnast um kippu af kolum (6)
- 9 Snúðin hafa sett þau útskornu úr skorðum (6)
- 10 Safamýrar boltalið í bláum treyjum/sýna verður sigurmörkin/seint þeim duga framhjáspörkin (8)
- 13 Vaðall VIII: Þvílík harka! (7)
- 17 Sumir segja hann hafa sett rumpulýð í Hvíta húsið (5)
- 18 Um það bil dýrlingur, hafandi borðað (5)
- 19 Finn þúsund vöðvafjöll ýta mér rólega áfram (5)
- 23 Það sem kastað var upp fæst hvergi (7)
- 24 Vegur 1, karlar; þeir eru fyrimenni (12)
- 25 Uppgötva áreksturinn eftir samanburðinn (12)
- 26 Austur til norðurs: Fólk úr laxarlægðinni stundar slíkt (12)
- 27 Gullinhærð gyðja mun naga rætur ættleggjanna (8)
- 28 Mega ekki koma til Jarðar fyrr en hagleysa er úti (8)
- 29 Skóringar fylla stuðningshóp íslenska landsliðsins (7)
- 30 Rugludallur fær sína köku og kryddkorn með (7)
- 31 Voðalegir fylupúkar, þessir jálkar (7)
- 36 Sótthreinsum allt eftir Ægis ódagot (5)
- 37 Allt rugl verður innilegra án rana (6)
- 39 Ætli þú verðir lélegri ef lægðir birtast? (5)
- 40 Ófugar langhölur læðast aftan að mér (5)
- 41 Skelfur ef aðrir komast í uppnám (5)
- 42 Hreyfing vekur risa í miðju Jarðar (5)



LAUSNARORÐ Vísibending v. lausnarorðs: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúruperla (15) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „24. júní“.

Lausnarorð síðustu viku var **STÖRFISKALEIKUR**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIDLUNG

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

ÞUNG

		4	8				3	7
							4	2
	9						5	
				1	9	7		3
	7		4				6	
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5
3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9
3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Bridge Isak Örn Sigurðsson

Slagamunurinn mikill

Í Montecatini í Ítalíu er að ljúka opnu Evrópumóti sem stóð yfir dagana 10.-24. júní. Í sveitakeppni í opnum flokki mættust ítalska sveitin Vinci og rússneska sveitin Era í 9. umferð. Í þeirra leik kom þetta sérkennilega spil fyrir þar sem norður var gjafir og NS á hættu. Lokasamningurinn var 3 spaðar í norður á báðum borðum. Spilið gekk eins í fyrstu þremur slögnum, en svo skildu leiðir. Rússneski sagnhafinn (Andrei Gromov) stóð sitt spil og fékk 9 slagi, en ítalski sagnhafinn (Francisco Saverio Vinci) fékk 6 slagi og fór 3 niður á hættunni. Hvernig má það vera?

Norður

- ♥ D954
- ♠ D104
- ♦ D4
- ♣ ÁD94

Vestur

- ♠ K107
- ♥ K
- ♦ 1098763
- ♣ KG7

Austur

- ♠ 32
- ♥ G9872
- ♦ ÁK
- ♣ 10852

Suður

- ♠ AG86
- ♥ A653
- ♦ G52
- ♣ 63


Skák Gunnar Björnsson

Romanishin átti leik gegn Gdanski árið 1992 á alþjóðlegu móti í Póllandi.

Hvítur á leik

1. Rxd6! Dxd6 2. Df6 Dxd5 3. Kh2 Bxg3 4. Kxg3! 1-0. Í gær lauk ofuratskáknotinu í París. Um helgina tefla Carlsen og félagar hraðskák. Hægt er að fylgjast með á bæði chess24.com og chess.com.

www.skak.is: Fréttir frá París.



Vörnin hófst á ÁK í tigli og hjartasvissu. Báðir sagnhafar settu lítið spil og á báðum borðum skipti vestur yfir í tigul þegar hann fékk slag á blankan hjartakóng. Ítalski sagnhafinn henti laufi og austur trompaði með spaðatvist. Austur sendi hjartatrompun og þegar sagnhafi hafnaði laufsviningu var hann 3 niður – gaf slagi á báða svörtu kóngana. Gromov trompaði hins vegar tígulinn á spaðaniú sem hélt slag. Hann svinaði spaðagosa og vestur tók slag á kóng. Hann spilaði laufi og Gromov svinaði spaðadrottningu. Trompin voru tekin með spaða ás og gosa og austur var þvingaður. Hann henti laufi og sagnhafi gat friað laufið og hjartadrottningin var innkoma í frisluginn í laufi, sem var 9. slagurinn hjá rússneska sagnhafanum. Hvað hefðir þú fengið marga slagi lesandi góður?



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Ævinlega fyrirgefið** eftir Anne B. Ragde frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sólveig Jóhannsdóttir, Reykjavík.**

NÓA

Loksins

Biðin er á enda.
Þeir eru komnir aftur!

NÝTT!

NÓA

Tritlar


Þúkalegt
piparhúðað
lakkrishlaup

80g

Konráð og félagar á ferð og flugi ²⁵⁵

Bragi Halldórsson

Þar sem Konráð og Lísaloppa voru á gangi í kjarrlendi sáu þau eitthvert lítið dýr skjótast um í kjarrinu. „Hvað var þetta?“ spurði Konráð. Þá sáu þau dýrið hoppa grein af grein og sáu að þetta var pínulítill fugl með skemmtilega uppspernt stél. „Þetta er örugglega einn minnsti fugl sem ég hef séð,“ sagði Lísaloppa. „Já, hann er mjög lítill,“ sagði Konráð og bætti við: „Hvað skyldi hann heita?“



Veist þú hvað þessi fugl heitir? Er þetta:

- A. Rauðbrystingur
- B. Maríuerla
- D. Músarrindill



Leikurinn

Upp fyrir öllum!

Þetta er hópleikur með frekar lítinn bolta og leiksvæðið getur verið tún, malarvöllur eða annað autt svæði.

Stjórnandi leiksins kastar upp boltanum og kallar: Upp fyrir öllum! Allir þátttakendur reyna að grípa boltann og sá sem nær honum nefnir nafn einhvers í hópnum, kallar til dæmis: Upp fyrir Írisi! Þá á Íris að reyna að grípa boltann,



kasta honum upp og nefna nafn einhvers annars í hópnum.

En ef Írisi tekst ekki að grípa boltann hlaupa allir í burtu þangað til hún nær boltanum og kallar „stopp“. Þá stoppa allir á punktinum og Íris reynir að hitta einhvern. Ef henni tekst það er sá sem hún hitti úr leik en annars er það hún sjálf. Þannig gengur leikurinn þar til einn stendur eftir sem sigurvegari.

Ætlar að verða rappari

Hann **Daniel Kjartan Smart** er tíu ára og hefur gaman af því að teikna. Svo æfir hann körfubolta, breikdans, klifur og parkour.

Daniel Kjartan Smart er með smá lit á puttunum þegar ég hitti hann. „Ég er svo oft að teikna,“ útskýrir hann og sýnir mér karl sem prýðir vinstra handarbakið. Hann hefur engar áhyggjur af því þó hann hverfi. „Ég hef hann bara þangað til hann fer,“ segir hann.

Sennilega er stutt í að teikningin hverfi því Daniel Kjartan er á förum til Spánar og þar fara flestir á ströndina á þessum árstíma. „Það verður örugglega heitt en það verður vatnsgarður nálægt staðnum sem við verðum á,“ segir hann og kveðst hlakka til.

Hefurðu farið áður til Spánar?

„Já, ég hef farið einu sinni áður, ég var á síðasta ári í leikskóla þá. Núna er ég tíu ára.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? „Að leika úti með vinum mínum og vera með fjölskyldunni.“

Hvaðan kemur eftirnafnið þitt Smart? „Það er skoskt og kemur frá afa mínum. Ég á tvær mömmur, báðar íslenskar en önnur á skoskan pabba.“

Heldur þú upp á einhvern sérstakan tónlistamann? „Já, Eminem, hann er rappari.“

Kanntu einhverja texta með honum? „Ég kann Lose yourself og smá í Not afraid. Vinur minn er líka hrifinn af Eminem og við ætlum að verða rapparar þegar við verðum stórir. Við erum búnir að ákveða nöfn. Hann heitir Emmineggi og ég Demmineggi og við röppum saman.“

Eruð þið byrjaðir að æfa? „Nei, við ætludum að æfa okkur eftir eitt afmæli en svo breyttist planið og hann fór til Danmerk-



„Ég parkora líka og ætla örugglega að fara að æfa það í haust,“ segir Daniel Kjartan Smart. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

VIÐ ERUM BÚNIR AÐ ÁKVEÐA NÖFN. HANN HEITIR EMMINEGGI OG ÉG DEMMINEGGI OG VIÐ RÖPPUM SAMAN.

ur en hann kemur aftur.“

Erstu eitthvað í íþróttum? „Já, ég æfði körfubolta, breikdans og klifur í vetur. Ég parkoura líka og er örugglega að fara að æfa það í haust.“

Hvað er parkour? „Það er svona stökkíþrótt, þeir sem eru komnir langt stökkva milli bygginga.“

Lestrarhestur vikunnar - Katla Kristín Kristinsdóttir

Hvað ertu gömul Katla Kristín? Ég er níu ára.

Hvað er skemmtilegast við bækur? Mér finnst skemmtilegt að lesa þær og það sem getur gerst í sögum.

Hvað bók lastu síðast og um hvað var hún? Grimmi tannlæknirinn. Hún var um strák sem var í skóla svo er nýr tannlæknir sem var vondur.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Vonda frænkan, sem er eftir sama höfund og Grimmi tannlæknirinn.



Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Fyndnar bækur.

Í hvaða skóla gengur þú? Rímskóla.

Ferðu oft á bókasafnið? Eins oft og ég kemst.

Hver eru þín helstu áhugamál. Ég æfi fimleika og svo er ég líka stundum að lesa heima hjá mér.

Katla Kristín var glöð að fá nýja bók í verðlaun.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða, búa til úr þeim skutlur og skutla þeim í net sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er einn þátttakenda útnefndur lestrarhestur vikunnar og sá eða sú hlýtur bók að launum frá Forlaginu.

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísí og í Fréttablaðs-appinu



FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

nettó

Nýtt í Nettó



Peter Larsen Kaffe®

Kaffibaunir

Mikið úrval af gæða baunum



Kynningarafsláttur 25%


www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur




Norðaustan 8-18, hvassast á annesjum austast. Rigning norðaustan- og austanlands, dálítill væta á norðvesturlandi en annars þurr. Heldur hægari og úrkomuminna um kvöldið. Hiti 5 til 17 stig, hlýjast syðst.


Heimurinn




Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri




Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



Pondus



Gelgjan



Barnalán




Vinsælasta útvarpsappið

9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira

Download on the App Store | GET IT ON Google Play

FM957 BYLGJAN 989 X 97.7


YNDISLESTUR!




Brestir
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Talin af
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Ljótur leikur
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 2.999.-



Þögult óp
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.999.-




Allt í himnalagi hjá Eleanor Oliphant
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Stúlkán á undan
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-




Ítalskir skór
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-




Tómas Guðmundsson Ljóðasafn
VILDARVERÐ: 5.599.-
Verð: 6.999.-




Hvít fiðrildi
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Náðu tökum á félagskviða
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.299.-



Create your own Lopapeysa
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-



Lopapeysuprjón fyrir byrjendur
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími 22. júní til og með 25. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Að reykja listaverkin er leið til þess að taka þátt

Sýningin Happy People verður opnuð í Nýlistasafninu í dag. Þar gefst gestum kostur á því að reykja verk fjölmargra snjallra listamanna þar sem reykurinn mótar verkin á leið sinni upp í munn og ofan í lungu.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Happy People er óvenjuleg sýning sem verður opnuð í Nýlistasafninu í dag en hún er samsett og henni stýrt af myndlistarmanninum Arnari Ásgeirssyni. Arnar hefur lengi búið í Amsterdam þar sem hann menntaði sig í myndlistinni en síðasta eina og hálfu árið eða svo segist hann hafa verið meira og minna hér heima.

„Nýlistasafnið bauð mér að taka þetta verkefni að mér þó svo ég hafi reyndar aldrei fengist við sýningarstjórn áður. Þar sem ég er ekki sýningarstjóri að upplagi tók ég þá nálgun á þetta að búa til verk utan um önnur verk. Búa til eins konar ramma utan um verkin sem eru á sýningunni en þau koma frá fjölmörgum listamönnum, bæði íslenskum og erlendum.“

Þessi rammi er fölginn í því að Arnar setti upp sérstaka reykstofu þar sem gestum gefst kostur á að reykja verkin á sýningunni. „Í reykstofunni verða verk ýmissa listamanna reykta í gegnum sérsmíðaðar vatnspípur. En það sem er kannski soldið fyndið við þetta þegar upp er staðið er að ég er hvorki sýningarstjóri né reykjamaður,“ bætir Arnar við og virðist nánast vera hissa á að þetta hafi verið niðurstaðan. „Þannig að það er óhætt að segja að ég sé að henda mér út í óvissuna.“

En þarna ertu með verk eftir stóran hóp listamanna. Er þau verk þá sýnd sem hefðbundin samsýning? „Já, í rauninni, en svo býðst gestum að reykja ákveðinn hluta verkanna hverju sinni svona þegar reykstofan er opin. Að undanförmu er ég búinn að vera að fást við pípuverð sem áhugamaður og er búinn að smíða stórar plastpípur sem ég get sett skúlptúrana inn í. Sá sem reykir gerir það í gegnum vatnshólf og svo



Darri Lorenzen og Arnar fýra upp í listaverk-pípu í Nýlistasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

stígur reykurinn upp í gegnum viðkomandi verk inni í pípunni hverju sinni. Þannig að reykurinn svona mótar verkið á leið sinni upp í munn og niður í lungu.“

Arnar segir að það þurfi aðeins að hafa fyrir því að taka verkin úr og setja ný inn í pípu og því hafi hann ákveðið að fara þá leið að vera með fimm verk inni í pípunni hverju sinni. „Við skiptum um verk einu sinni í viku en á opnuninni verða það verk eftir Hrein Friðfinnsson, Eggert Pétursson og Hrafnhildi Helgadóttur, auk Mehraneh Atashi, sem er listakona frá Íran, og loks verk eftir strák frá

Kúbu sem heitir Loidys Carnero. Verk þessara listamanna verða reykta á opnuninni en svo verður þeim skipt út. Verkin sem er ekki verið að reykja hverju sinni eru svo sýnd svona til hliðar á sama tíma þannig að það sé hægt að skoða allt sem er á sýningunni.“

Arnar segir að þegar Nýlistasafnið hafi haft samband hafi hann farið að velta fyrir sér ensku nafngiftinni á safninu The Living Art Museum og því sem það gefur til kynna. „Þess vegna vildi ég hafa þetta svona lifandi og að þetta fæli í sér ákveðna þátttöku gestanna. Þælingin er líka að á meðan þú ert að reykja verkin

geti farið fram gjörningar og tónlistaratriði á sama tíma. Á fyrstu reykjagaseremóníunni verður t.d. fluttur þokukennur gjörningur eftir Darra Lorenzen og vikulega í sumar verður eitthvað slíkt í gangi.

Þetta er mín leið til þess að virkja gestina til þátttöku fremur en að þeir séu passívir og skoði aðeins verkin. Að reykja er ákveðið skref sem þú þarft að taka en svo er líka mjög gaman að horfa á fólk reykja. Ég hef verið að fá fólk til þess að prufa þetta fyrir mig og að fylgjast með fólk þjástra við þessa athöfn er eitthvað alveg sérstakt.

Það er þó rétt að taka fram að

ég keypti Shisha tóbak eins og er á arabískum reykjagastofum. Það er mjög vægt og pípuarnar eru þannig að þú þarft að hafa fyrir því að reykja. Þú þarft að fylla rýmið sem verkið er í og svo er að reykja það. Það er lítill reykur af þessu og litlið sem ekkert nikótín í þessu heldur er þetta meira svona eins og ávaxtagufa. Þannig að sem flestir eiga að geta tekið þátt. Verk listamanna eru líka valin inn aðeins út frá þessum gufu- og vatnspælingum og blómin hans Eggerts eru einmitt eitthvað sem fellur vel að þessum hugmyndum þar sem dalalæðan liggur yfir íslenskri blómabreiðu.“

Upphafin andakt, en líka spenna og fjör

TÓNLIST



Kammertónleikar

Verk eftir Pärt, Mozart og Stravínski. **Flytjendur:** Lars Anders Tomter, Víkingur Heiðar Ólafsson, Julien Quentin, Rosanne Philippens, István Várdai og Sayaka Shoji.

Norðurljós í Hörpu

fimmtudaginn 22. júní

Á opnunartónleikum Reykjavík Midsummer Music á fimmtudagskvöldið spurði sessnautur minn hvernig á því stæði að þessi árlega hátíð væri eiginlega orðin að því sem Listahátíð í Reykjavík ætti að vera. Sú hátíð hefur óneitanlega drabbast niður og er aðeins skugginn af því sem hún var þegar Vladimír Ashkenazy var þar nánast allt í öllu. Á Reykjavík Midsummer Music er hins vegar sannkölluð hátíðarstemning, og henni vex stöðugt ásmegin.

Ég hafði engin svör við þessu, nema þau að Víkingur Heiðar Ólafsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, elskar greinilega tónlist, hefur á henni brennandi áhuga og yfirgripsmikla þekkingu,



Lokatónninn sleginn. Sayaka Shoji á fiölu, Julien Quentin á pianó, Lars Anders Tomter á víölu og István Várdai á selló. MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

og hann er sífellt að gera tilraunir. Hann ber á borð óvænta hluti og samsetningar, og það er sterkur þráður á milli verka á efmisskránni sem við fyrstu sýn virðast ekki eiga neitt sameiginlegt. Þetta gerir hátíðina áhuga-verða.

